

KAVATÍÐ



TÓNLIST
TÍSKA
KVIKMYNDIR
MATUR
BÍLAR
SPORT
PÓLITÍK

THORSHAMMER

BREKI DESIGN

SÓLSTAFIR

IMMO

KÚRA

LÍTILL FISKUR
Í STÓRRI TJÖRN

ÓSKAR ÞÓR AXELSSON LEIKSTJÓRI SVARTUR Á LEIK

KAVALÉR



05 RITSTJÓRAPISTILL

06 PISTILL - MOTTUMARS

08 TÍSKA

Við förum yfir nokkur merki sem voru til sýnis á tískuvikunni í Stokkhólmi í byrjun mánaðarins.

18 RASTAMAN, JAH B

Bunny Wailer var stofnaði The Wailers ásamt Bob Marley og Pete Tosh en þrátt fyrir það þekkja tónlist hans ekki margir.

24 SÓLSTAFIR


Ein besta hljómsveit landsins segir okkur hvar þeir kaupa leðrið.

28 IMMO

Rapparinn Ívar Schram segir okkur frá nýju plötunni.

30 KÚRA

Faney Ósk, söngkona dansk-íslenska raftónlistartríósins Kúra var í stuttu spjalli.



Vertu KAVA LÉR

Við erum alltaf að leita að fólki sem hefur áhuga á því að vinna með okkur að því að gera blaðið betra. Ef þú ert með einhverjar hugmyndir í kollinum hafðu þá endilega samband.

kavaler hjá kavaler.is

KAVALÉR



- 32 THORSHAMMER + BREKI DESIGN**
Við heyrðum í tveimur ungum hönnuðum sem hafa vakið mikla athygli fyrir hönnun sína. Einar Thor og Jónas Breki í nærmynd.
- 40 SVARTUR Á LEIK**
Óskar Þór Axelsson frumsýnir myndina sína í byrjun næstu mánaðar og tók létt spjall við Kavalér í tilefni þess.
- 50 VÆNTANLEGAR KVIKMYNDIR**
Hvað er að gerast í bíósölum landsins á næstu vikum.
- 60 ÓSKARSVERÐLAUNIN**
Kodak höllin í Los Angeles mun glitra í lok mánaðarins og af því tilefni fjöllum við örlítið um hátíðina í heild sinni.
- 70 Á EINHVER SÉNS Í OBAMA?**
Það eru forsetakosningar í Bandaríkjunum yfirvofandi og Hjalti Rögnvalds athugaði hvort einhverjir eigi séns í Obama.
- 72 TÆKNI+GRÆJUR**
Það er alltaf eitthvað spennandi að gerast í græjuheiminum og kíkjum við til dæmis á nýjasta útspil Nokia.

Sænskir karlmenn hafa löngum þótt með mikla tískuvitund og þótti okkur því tilvalið að kanna hvaða augum þeir sjá nánustu framtíð og skelltum okkur (*í huganum*) á tískuvíkuna sem lauk nýlega í Stokkhólmi. Febrúar er annars mjög skemmtilegur mánuður fyrir þá sem fylgjast með tísku því það er núna sem flestir hönnuðir og tískuhús sína nýjustu línur sínar. Tískuvikan í Kaupmannahöfn kemur einnig við sögu í þessu tölublaði, en þó eingöngu í mýflugumynd, þar sem gullsmiðurinn Breki (viðtal bls. 32) var með vörur sínar til sýnis í byrjun mánaðarins. Við áttum hressandi spjall við hann og Einar Thor, hönnuðinn að baki Thorshammer leðurfylgi-hlutunum sem margir þekkja.

Mér hafði þótt leiðinlegt hvað tónlistarumfjöllunin hafði fengið lítið pláss í síðustu blöðum og því verður að finna mun betri og þéttari kafla sem viðkemur tónlist á einhvern hátt að þessu sinni. Þer þar hæst viðtal við þrjár hljómsveitir sem allar eru stórskemmtilegar - en gætu þó varla verið ólíkari. Þá er forsíðuviðtalið að þessu sinni við leikstjóran Óskar Þór Axelsson sem frumsýnir sína fyrstu mynd um næstu mánaðarmót. Sú er ekki af verri endanum því hann færði sögu Stefáns Mána, Svartur á leik, á hvíta tjaldið og hlakkar okkur afskaplega mikið til að sjá afraksturinn.

Það er ljóst að blaðið hefur aldrei verið flottara og því segi ég bara eins og skáldið, vessgú!

Bestu kveðjur,

Heimir Berg

NO.5

Pennar
Heimir Berg, Lilla Lange,
Heiðar Mar Björnsson,
Ragnar Trausti Ragnarson,
Hafsteinn Mar Sigurbjörnsson,
Hjalte Rögnvaldsson

Forsíða & logo
Daníel Imsland / Dimms

Ábyrgðarmaður & efnisvinnsla:
Heimir Berg

Ritstjóri
heimirberg@kavaler.is

Auglýsingar
auglysingar@kavaler.is

Almennt
kavaler@kavaler.is

EKKI GLEÝMA AÐ LÍKA VIÐ OKKUR Á FACEBOOK OG TWITTER



KAVALÉR
2012
MOTTUMARS

Á hverju ári greinast yfir sjöhundruð karlmenn með krabbamein hér á landi. Ef þú lítur þér nær þá er ekki ólíklegt að þú eða einhver þeirra sem þér standa nærri eigi eftir að heyja þessa illviðráðanlegu baráttu einhvertímann á lífsleiðinni. Það má vera að þetta séu þung orð, en það gerir þau engu minna raunverulegri.

Á hverju ári láta einnig nokkrir tugir þúsunda fallegra íslenskra karlmanna sér vaxa dásamleg skegg á efri vör í þeim tilgangi að styrkja hvern einn og einasta okkar ef kallið skyldi koma algjörlega óumbeðið og óvelkomið.

Nú er staðreyndin samt þannig að sumum fer það betur en öðrum að bera yfirvaraskegg - og það um hábjartan dag. Í mars hinsvegar breytast leikreglurnar og allir standa jafnfætis. Það fá allir skotleyfi á að púlla þéttann Selleck, snyrtan Gable eða jafnvel rúlla í einræðisherrann. Í mars er allt leyfilegt, og það sem meira er, þá er (nánast) skyldumæting!

Þegar hér kemur við sögu verður þó að minnast á það að þó svo Mottumars hefjist ekki formlega fyrr en í næsta mánuði þá er ekki eftir neinu að bíða og um að gera að sinna heimavinnunni á næstu dögum svo þú komir sterkur inn í byrjun mánaðarins og hafir jafnvel forskot á vinina eða vinnufélagana. Þrátt fyrir að auðvitað sé aðalatriðið að vera með og styrkja gott málefni, þá skemmir það alls ekki fyrir ef þú myndir safna mest allra í hópnum.

Og já, það er hægt að koma í veg fyrir eitt af hverjum þremur tilfellum með því að opna augu fólks og fá menn til að leita sér hjálpar ef einhver einkenna skjóta upp kollinum. Auðvitað kostar allt sitt á endanum, en mottan er dýrsleg. Og kostar ekki krónu.

Fullbúinn Android sími á frábæru verði



1.000 kr.
inneign
á mánuði í
12 mán.



Wi-Fi



3G netið



Facebook



Myndavél



Leikir



Tónlist

2.190 kr. á mánuði í 12 mánuði

Símanum fylgir einnig 1.000 kr. inneign í 12 mánuði.
2.190 kr. útborgun. Greiðslugjald er 325 kr./mán.

Staðgreiðsluverð: 28.470 kr.

BLADE

ZTE Blade Android

ZTE Blade er ótrúlega vel búinn Android sími sem spilar DivX og Xvid, með GPS, Wi-Fi, og skilar þér leikjum og myndböndum á frábærum skjá. 2GB minniskort fylgir.

TIGER OF SWEDEN

Tiger of Sweden á sér langa sögu í klæðskurði og er þekkt fyrir falleg og vel sniðin föt ásamt sérlega skemmtilegu og fallegu efnavali sem aldrei klikkar.

Fyrirtækið hristi upp í vörumerkinu fyrir tæpum áratug og einblíndi meira á götutískuna. Fágúnin og jakkafötin voru færð í aðra lauslegri mynd, en þó má enn sjá snyrtimenskuna alls ráðandi.

Haustlínan sem var nýlega opinberuð á tísku-
vikunni í Stokkhólmi var byggð á innblæstri af
mismuni tveggja borga, Stokkhólms og Berlínar.
Þar má sjá andstæður mætast á áhugaverðan og
lauslátan hátt en þó á sama tíma skemmtilega
áberandi flíkur sem grípa augað. Litaval var
skemmtilegt en fremur látlaust eins og yfirleitt á
haustin en gaman að sjá efnavalið og hvernig
unnið var með það. Mjög snyrtilegt og töff.



FILIPPA K

Sænskt vörumerki sem leggur mikið upp úr einfaldleika og gæðum. Fatnaðurinn er stílhreinn með fallegum og einföldum smáatriðum. Stíllinn býr yfir skemmtilegri blöndu af sígildum og tímalausum stíl ásamt nútímalegri stefnu og snyrtimennskan ávallt höfð í fyrirrúmi.

Haustlínan sem nýlega var sýnd á tískuviku í Stokkhólmi var látlaus en líkt og áður þá var hún faguð á hversdagslegan máta. Litaval var látlaust en efnisval mjög skemmtilegt og kom á óvart hvernig farið var út fyrir kassann í þeim efnum.



J. LINDBERG

J. Lindberg er þekkt fyrir fallegan íþróttafatnað, þá helst golf- og skíðafatnað en vörumerkinu hefur tekist á mjög árangursríkan og skemmtilegan hátt að sameina tísku- og íþróttafatnað. Upphaflega var hugmyndin sú að hanna íþróttafatnað út frá hugmyndum og atriðum úr hátísku hvers tíma en það má segja að vel hafi tekist til og merkið náð að halda þeim dampi enn þann dag í dag.

Haustlínan hjá þeim er eins og áður mjög „sporty“ en snyrtileg og litaval hressandi. Innblástur er fenginn frá Norðuheimskautinu og landslaginu þar ásamt fatnaði sem þróast hefur á þeim slóðum af ákveðinni þörf og blanda af þessu færð í nýjan búning fyrir hinn nútímamann. Mikil áhersla er lögð á efni, eiginleika þeirra og gæði en þau halda áfram að þróast með tækninni líkt og síðustu ár.



HOPE

Hope er sænskt merki sem var stofnað fyrir tíu árum af sænsku hönnuðunum Ann Ringstrand og Stefan Söderberg sem reka það enn í dag. Fyrsta um sinn sendu þau eingöngu frá sér kvenföt en árið 2005 bættu þau karlalínu inn í framleiðsluna. Stefan sér um alla hönnun á fötunum fyrir kynbræður sína og fer það einkar vel úr hendi. Hann byrjaði í bransanum ungur að aldri og hafði t.d. starfað fyrir Levi Strauss og Acne Jeans áður en hann tók stóra skrefið ásamt kollega sínum. Þau reka í dag fjórar verslanir (+ vefverslun) í Svíþjóð og Danmörku undir formerkjum Hope.


Nýjasta línan þeirra sem var kynnt á tískuvíkunni í Stokkhólmi í byrjun mánaðarins er frekar artí og látlaus, en samt stílhrein og fágúð.



THE LOCAL FIRM

The Local Firm er einna helst þekkt fyrir gallabuxur þar sem tekist hefur vel að sameina gamla „vinnumannaslúkkið“ ásamt nýtískulegum stíl og útkoman yfirleitt einföld og skemmtileg. Í hönnuninni má finna einfaldar flíkur en skemmtileg smáatriði sem koma á óvart og litavalið yfirleitt drungalegt og látlaust.

Nýjasta línan frá þeim sem sýnd var á tískuviku í Stokkhólmi var dökk og rokkuð með pönkívaði og áhersla lögð á flott og þægileg snið, útkoman var mjög skemmtileg.





RASTAMAN, JAH B



HANN STOFNAÐI EINA
SVÖLUSTU HLJÓMSVEIT
ALLRA TÍMA ÁSAMT
ÆSKUFÉLÖGUM SÍNUM
Í KINGSTON, HÖFUÐBORG
JAMAICA, ÁRIÐ 1963.
HANN ER SÁ EINI SEM
ENN LIFIR OG VERÐUR
HELSÁTTUR EF AÐ TÓN-
LISTIN LIFIR ÞÁ ALLA.

ORÐ HEIMIR BERG

Það

er búinn að vera góður fílingur á skrifstofu Kavalér undanfarnar vikur þar sem reggítónlist hefur spilað stóran þátt í að skapa stemninguna. Mér hefur eiginlega liðið eins og ég sé aftur fluttur inn til foreldranna og eldri bróðir minn sé að renna gömlu vínylplötunum hennar mömmu undir nálina á flennistörum fermingargræjunum í næsta herbergi. Það var nefnilega þannig að stór partur af unglingsárunum fór í það að hlusta á reggítónlist, hvort sem ég vildi það eða ekki. Í gegnum veggina gat maður oftast fundið fyrir ómandi taktinum sem sló loftið reggístæl og taktvissar höfuðhreyfingar óharðnaðs unglingsins fylgdu oftast í kjölfarið. Næsta setning gæti lýst því

hversu óhemju töff ég var á þessum aldri en ég læt það vera að þessu sinni og ætla þess í stað að taka ykkur í smá ferðalag til Jamaica.

Það kannast sennilega ekki margir við hljómsveitina The Teenagers sem var stofnuð af þeim Robert Nesta Marley, Winston Hubert McIntosh og Neville O'Reilly Livingstone í einu af fátækari hverfum Kingston í byrjun sjöunda áratugs síðustu aldar. Táningarnir urðu þó ekki langlífir því örar nafnabreytingar fyrstu árin leiddu að lokum til þess að þeir urðu þekktir undir öðru nafni sem ef til vill fleiri kannast við.

The Wailers með þremmenningana nú þekktu sem þá *Bob Marley*, *Pete Tosh* og *Bunny Wailer* í fararbroddi náði gríðarlegum vinsældum í heimalandinu allt frá fyrsta degi, og fyrsta áratuginn héldu þeir sig að mestu við útgáfu og tónleikahald á Jamaica. Það var í raun ekki fyrr en árið 1972, níu árum eftir að hljómsveitin var stofnuð, sem nafn þeirra fer að hljóma utan landssteinanna. Ástæðan var einföld. Ameríski poppsöngvarinn Johnny Nash (ekki Cash), sem átti töluverðum vinsældum að fagna eftir að hafa sent frá sér lagið *I Can See Clearly Now* skömmu áður, hljóðritaði lag þeirra *Stir It Up* og sendi rակleiðis í topparáttuna í Bretlandi og Bandaríkjunum. Tveimur árum seinna mætti Eric Clapton með gítarinn og endurgerði lagið *I Shot the Sheriff* með þvílíkum vinsældum að enn þann dag í dag er það eina lagið sem Eric Clapton hefur náð að koma í toppsæti Billboard listans vestanhafs. Árið 1975 slá svo loks Bob Marley & The Wailers sjálfir í gegn út um allan heim með laginu *No Woman, No Cry*. Á þeim tíma höfðu hinsvegar stór skörð verið hoggin í hljómsveitina því bæði Pete Tosh og Bunny Wailer höfðu yfirgefið hana ári áður. Staðreynd

sem leiðir okkur að upprunalegum tilgangi þessarar greinar.

LÍFIÐ SEM WAILER

Bob Marley og Pete Tosh hafa í gegnum tíðina verið kyndilberar reggítónlistar í augum margra og þrátt fyrir að hafa gegnt alveg jafn mikilvægu hlutverki í hljómsveitinni þá gleymist nafn Bunny Wailers oftast en ekki í umræðunni. Ég horfði á heimildarmynd um daginn frá árinu 1994 þar sem sá síðastnefndi fer yfir ferilinn og var alveg ótrúlegt að heyra hann tala um uppvaxtarárin í Kingston, lífið, pólitíkina, tónlistina og síðast en ekki síst – „bróður sinn“ Bob Marley.

Ástæðan fyrir því að ég vitna til þeirra sem bræðra er sú að þeir ólust í rauninni upp undir sama þaki og litu ávallt á hvorn annan sem hálfbróðir sinn. Ástæðan fyrir því að þeir bjuggu saman var þó ekki komin til af hinu góða þar sem faðir Bunny Wailer hafði tekið saman við móður Bob Marley í kjölfar þess að faðir hans hafði yfirgefið fjölskylduna. Norval Sinclair Marley, faðir hins goðsagnakennda tónlistarmanns, var ættaður frá Essex í Englandi og hafði búið þar allt sitt líf, eða allt þar til hann var sendur til Jamaica til að starfa fyrir hönd bresku krúnunnar. Þar kynntist hann Cedellu Booker, barnaði hana og níu mánuðum síðar fæddist Bob Marley. Það sem gerði þessi mál frábrugðin öðrum samþæringum aðstæðum var sú staðreynd að Norval var hvítur á hörund, og í samfélaginu þótti skömm að vera af hvorki svartur né hvítur og því var litið niður á Cedillu og barn hennar.

"You see, the t'ing about it is, the melody has to sing the message of how you feel. It has to have that kind of a wailing type of melody that suggests you are actually experiencing something, you're not just singing about something that you heard about." **Bunny Wailer**



Bunny var tveimur árum yngri en Bob en þrátt fyrir það varð hann honum fyrirmynd í lífinu og hafði Bunny til að mynda mikil áhrif á það að Marley leiddist út í tónlistina. Bunny Wailer hafði alltaf haft gaman af því að spila tónlist og gerði það hvar sem hann gat, en þó einkum í kirkjunni. Bob Marley byrjaði að gefa tónlistinni gaum eftir að hafa séð hversu margir hlustuðu á 'bróðir' sinn spila og sá möguleika á því að flýja raunveruleikann og komast út úr þeirri skömm sem hékk yfir fjölskyldunni. Hann vildi nota tónlistina sem vopn gegn fólki sem hafði sýnt honum vanvirðingu og það sem meira er, þá langaði honum að komast eitthvað í lífinu.

Þegar Bunny Wailer hætti í The Wailers réttu ári áður en þeir slógu í gegn á heimsvísu lokaði hann sig af aleinn á einhverri strönd þar sem hann bjó í niðurníddum kofa, veiddi fisk sér til matar og samdi tónlist til dægurstyttingar, auðvitað undir þykkum maríjúanamekki. Þeir sem þekkja til segja þetta vera lýsandi fyrir manninn þar sem hann hefur alltaf verið mikill einfari og viljað lítið láta fyrir sér. Þannig hafi hann oft á tíðum verið sá sem stóð að baki Pete

Tosh og Bob Marley í hljómsveitinni einfaldlega vegna þess hversu hlédrægur hann var, ekki vegna þess að hann var eitthvað lakari en þeir. Hann fór að vísu með hljómsveitinni í fyrstu tónleikaferðalögin utan heimalandsins en áttaði sig fljótlega á því að honum þótti lítið til þess koma að vera á ferðalagi allan tímann þar sem hann er mjög heimakær. Þá þótti bæði honum og Pete Tosh (sem hætti um svipað leyti) heldur mikil athygli vera farin að beinast að Bob Marley og drógu þeir sig í hlé áður en Bob Marley hélt áfram með bandið með forskeytinu *Bob Marley &* fyrir framan The Wailers.

SÓLÓFERILLINN

Sólóferill hans litaðist fljótlega af pólitískum og samfélagslegum skilaboðum sem hann vildi koma til samlanda sinna, og þrátt fyrir að hafa oft á tíðum virkað sem lítið annað en bakradda-söngvari í mörgum laga The Wailers þá sannaði hann svo um munar með fyrstu sólóplötu sinni, *Blackheart Man*, frá árinu 1976 að þar var alvöru tónlistarmaður á ferð og er platan af mörgum talin ein besta reggí plata sem gefin

hefur verið út. Næstu árin gaf hann svo nánast árlega út plötu þar sem umfjöllunar-efnið var oftast en ekki af svipuðum toga. Þegar Bob Marley lætur lífið árið 1981 ákveður Bunny hinsvegar að tileinka tónlist sinni Bob Marley og halda áfram með boðsskap hans. Það sama gerði hann þegar Pete Tosh var myrtur árið 1987.

Í takt við tímann sem hann eyddi einn eftir að hafa sagt skilið við hljómsveitina árið 1974, þá er magnað að vita til þess að hann hélt ekki eina einustu tónleika fyrir utan Jamaica fyrr en rúmum áratug seinna, eða árið 1986. Á þeim tíma höfðu bæði Bob Marley og Pete Tosh ferðast um heiminn þveran og endilangan margoft á ferðalögum sínum. Þessi skortur á tónleikum utan heimalandsins kom þó ekki í veg fyrir það að hann hefur hlotið þrjú Grammy verðlaun og Newsweek hefur meðal annars nefnt hann einn þriggja mikilvægustu heimstónlistarmanna allra tíma.

LÍFIÐ HJÁ BUNNY WAILER Í DAG

Í dag býr hann í hóflegum híbýlum í fátæku úthverfi höfuðborgarinnar þar sem hann semur enn þann dag í dag tónlist og ekur um á gömlum japönskum fjölskyldubíl. Hann veitir nánast engin viðtöl og gerir eins og áður afskaplega lítið til að koma sjálfum sér á framfæri. Þrátt fyrir það setur hann stundum á svið tónleika þar sem heimamenn leggja við hlustir því skilaboðin sem felast í lögum hans eru oftast en ekki hárbeitt og snerta lífið í landinu. Þótti mér því stinga í stúf þegar ég rakst á afar einkennilegt viðtal sem hann veitti GQ fyrir ekki svo löngu síðan þar sem blaðamaður eins stærsta tímarits í heimi segir opinskátt frá því þegar hann tók einn fyrir liðið og púaði nokkrar feitar á veröndinni hjá eina eftirlifandi meðlimi The Wailers - og fór á trúnó.

Toppið það!



Að ná fullkomnun er aldrei auðvelt

(En eftir 160 ár kemst maður upp á lagið)



Léttöl

Petta kallar á **Carlsberg**™

SÓLSTAFIR

Sólstafir hafa fyrir löngu sannað sig sem ein af bestu hljómsveitum landsins og í tilefni þess að hún bauð til einhverra allra svakalegustu tónleika sem haldnir hafa verið hér á landi í síðustu viku sauð **Hafsteinn Mar** saman nokkrar spurningar fyrir rokkarana.

Sólstafir hafa verið starfandi frá árinu 1995, en þá stofnuðu Aðalbjörn Tryggvason (söngur, gítar) og Guðmundur Óli Pálmason (trommur) hljómsveitina ásamt Halldóri Einarssyni bassaleikara. Fjórum árum seinna leysti Svavar Austmann bassaleikari kollega sinn af um svipað leyti og Sæþór Maríus Sæþórsson (gítar) gekk til liðs við bandið. Þeir fjórir hafa því myndað liðsskipanina síðustu þrettán árin.

Sólstafir er stórmerkileg og geysilega góð hljómsveit sem mönnum hefur reynst erfitt að skilgreina nákvæmlega undir hvaða tónlistarstefnu þeir falla og því spurðum við hverjir áhrifavaldar hljómsveitarinnar séu. Hvað veitir þeim innblástur? „Það er erfitt að segja. Við reynum að taka aldrei áhrif beint frá öðrum böndum þó það sé að sjálfsögðu óhjákvæmilegt. En þá kemur það sér til góðs að allir meðlimir bandsins eru með mjög breiðan tónlistarsmekk sem skarast, en ná einnig í mjög mismunandi áttir. Í raun reynum við meira að taka áhrif frá öðrum þáttum lífs okkar en tónlist. Allt sem þú gerir, sérð, heyrir, finnur og upplifir hefur áhrif á þig á einn eða annan hátt. Sumt hefur djúpstæð áhrif, annað hefur lítil áhrif og svo geta áhrifin verið ýmist jákvæð eða neikvæð. Sum þessara áhrifa skila sér í tónlistina á meðan önnur gera það ekki.“





HVAR VERSLA MENN LEÐRIÐ? „Í KARNABÆ!“

ÞAÐ ER TÓNLISTIN
SEM STJÓRNAR OKKUR,
EN EKKI ÖFUGT, OG
FÖRUM VIÐ ÞANGAÐ
SEM HÚN TEKUR
OKKUR.

Þrátt fyrir að hljómsveitin hafi verið starfandi síðan 1995 hafa þeir einungis sent frá sér fjórar breiðskífur og heitir sú nýjasta *Svartir Sandar* og var gefin út fyrir stuttu. Ef ástæðan fyrir fáum breiðskífum sveitarinnar sé vandvirkni og fullkomnunar-árátta þá er það hið besta mál, en undirritaður hefur

átt erfitt með að taka Svarta Sanda úr eyrunum frá því hann kom höndum sínum yfir gripinn. Þar fer framúrskarandi plata sem stendur fyllilega undir því lofi sem á hana hefur verið hlaðið en hún er sorgleg, ísköld og full af eynd en er jafnframt kraftmikil og tilfinningaþrungin. „Tímælalaustr,” var svarið við því hvort þeim þætti nýja platan sú besta sem þeir hefðu sent frá sér. „Það er svo skrítið að alveg síðan að við tókum upp fyrsta demóið okkar árið 1995 og gáfum út á kassettu í 100 eintökum höfum við hugsað með okkur að það sé ekki sjens að við náum að toppa þetta (nýjustu afurðina)! En einhvernegin virðist hver plata ná að toppa þá sem á undan kom. Vonandi heldur sú þróun áfram.” Í framhaldi af síðustu spurningu þá lá beinast við að spyrja þá aðeins meira út í nýju plötuna og innblásturinn fyrir gerð hennar. „Hann (innblásturinn) kom algerlega innanfrá, eins klisjukennt og það hljómar. Við mættum uppí æfingarhúsnæði um klukkan 10 á morgnana og sömdum tónlist til klukkan 17, eða þangað til leikskólum borgarinnar lokaði. Þetta gerðum við fimm til sex sinnum í viku og drukkum vatn og drykkjarskyr á meðan sumir reyktu sigarettur og gleymdum okkur í tónlistinni.”

Nú hefur tónlistin breyst talsvert á milli platna hljómsveitarinnar og þegar við vorum að kasta á milli okkar nokkrum orðum um bandið áður en við heyrðum í þeim þá fannst okkur til dæmis greinilegur munur á nýjustu plötunni og þeirri sem kom þar á undan, *Köld*. Töluðum við þá jafnan um greinilegan áherslumun á milli þeirra verka, en hvað finnst strákunum í hljómsveit-

inni um þessar þælingar okkar. „Tja, okkur finnst í raun mikill munur á milli laga. Við reynum að semja aldrei sama lagið tvisvar, ólíkt böndum sem finna einhverja formúlu og halda sig við hana. Kannski má segja að Svartir Sandar sé okkar heilsteypasta verk þegar á heildina er litið,

og það má vel vera að hún sé aðeins léttari en fyrri verk. Við tókum þó aldrei neinar ákvarðanir fyrirfram um hvert tónlistin okkar á að fara. Það er tónlistin sem stjórnar okkur, en ekki öfugt, og förum við þangað sem hún tekur okkur. Þannig er hvert lag fyrir sig eðlileg þróun á því sem á undan kom.”

Hljómsveitin þykir nokkuð stór innan metalsenu-
nar í Evrópu og er þekkt fyrir frábæra tónleika og kraftmikla sviðsframkomu. Þeir hafa spilað á mörgum af helstu tónlistarhátíðum Evrópu í gegnum tíðina og fundum við lykt af einhverjum uppkomandi tónleikaferðalögum í spjalli okkar við þá. „Heilum helling,” er svarið þegar við spyrjum hvort þeir séu að spila á einhverjum hátíðum í sumar. „Raodburn í Hollandi, Inferno í Noregi, Hammer Metal Fest í Finnlandi, Party-San í Þýskalandi, Brutal Assault í Tjekklandi, Dark Bombastic Evening í Transylvaníu, Hellfest í Frakklandi svo nokkur séu nefnd. Við erum síðan að byrja að plana haustið, og það lítur allt út fyrir fleiri túra, hugsanlega Ameríkutúr,” og það er því ljóst að flugvélafloti landsins þyngist reglulega um nokkra nautgripi sökum óhemju magns af leðurfatnaði sem hljómsveitarmeðlimir klæðast öllu jöfnu, og það afskaplega glæsilega. En hvað með móðurlandið? „Eftir útgáfutónleikana (sem voru í síðustu viku) erum við með nokkra tónleika bókaða í öllum landsfjórðungum áður en haldið verður á Evróputúr um miðjan mars. Við spilum svo að sjálfsögðu á besta festivali í heimi, hinu rómaða Eistnaflugji.”

VIÐ ERUM Á LEIÐinni TIL ÞÍN Í IPAD!

Það felst mikil ánægja í því að segja ykkur frá því að von bráðar verður hægt að kíkja á blaðið okkar í Ipad og Iphone. Við höfum beðið eftir þessum möguleika og nú þegar hann er orðinn að veruleika þá verður þess ekki langt að bíða að það verði hægt að skoða Kavalér í öllum þeim tækjum sem liggja við höndina hverju sinni.

Engar áhyggjur, við látum þig vita...





IMMO

Heimir Berg heyrði hljóðið í rapparanum **IMMO** sem fékk innblástur fyrir nýjustu plötu sína eftir að neðri vörin var bitin af honum.

Ívar Schram er 26 ára gamall rappari sem kemur úr vesturbæ Reykjavíkur og hefur verið að vekja athygli undanfarna mánuði fyrir tónlist sína undir listamannsnafninu Immo. Hann byrjaði að rappa þegar hann var í tíunda bekk og segist aðspurður hafa þurft að finna eitthvað illa nett rappnafn til þess að vera eins og aðrir rapparar. „Af einhverjum ástæðum ákvað ég að kalla mig I.meduary, sem var einhverskonar stytting á orðinu Intermediary. Nokkrum árum síðar vorum við að taka upp með rapparanum Antlew í stúdíóinu okkar og hann hélt alltaf að við værum að bera nafnið vitlaust fram og að rétta nafnið væri Imagery. Í framhaldi af því kom þessi stytting, Immo, sem festist svo bara við mig með tímanum.“ Það kannast ef til vill sumir lesendur við hljóminn í röddinni á Ívari og er þá ekki ólíklegt að sömu aðilar kannast við hljómsveitina Original Melody sem hefur sent frá sér tvær plötur (Fantastic Four árið 2006 og Back & Forth árið 2010).



FYRSTA
PLATAN
FRÁ IMMO
ER Á
LEIÐINI
OG
RÁNDÝRT
MYNDBAND
ÞAR AÐ
AUKI

<http://www.facebook.com/immmo>

Ívar hefur verið í þeirri hljómsveit alveg frá því hann byrjaði að gera tónlist og er hann í raun enn í þeirri hljómsveit þó sóló ferillinn sé að fá alla athygli hans þessa dagana. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að tveir meðlimir hljómsveitarinnar búa erlendis „svo ég ákvað að nýta mér fjarveru þeirra og gera mína eigin tónlist í millitíðinni.“

Ívar er þessa dagana að vinna að nýrri plötu sem áætlað er að komi út síðar á þessu ári og þegar við reyndum að fá hann til að gefa einhver leyndarmál frá sér varðandi hana var hann fastur fyrir og sagðist bara ætla að leyfa plötunni að tala fyrir sig sjálfa þegar hún kæmi út. „Ég hef unnið með hljómsveit minni Original Melody alveg síðan ég byrjaði að gera tónlist. Í þeirri hljómsveit erum við þrír rapparar. Það er mikill munur á því að semja lag með þremur öðrum einstaklingum og að gera jafnvel bara eitt lag alveg sjálfur. Á plötunni vildi ég því reyna að njóta þess frelsis sem því fylgir að semja lögin einn.“ Plötuna samdi hann að mestu leyti í veikindum sem fylgdu mjög alvarlegri líkamsárás sem hann varð fyrir á ferðalagi sínu um stræti spænskrar borgar, sem þer sama nafn og lagið sem segir söguna. „Ég byrjaði að vinna í þessari plötu rétt fyrir síðasta sumar. Um sumarið ákvað ég svo að fara í sumarfrí með félaga mínum að heimsækja vin okkar í Barcelona. Tilgangur ferðarinnar var m.a. að leita eftir innblástri fyrir plötuna. Ferðalagið endaði svo á því að ókunnugur maður veittist að mér með þeim afleiðingum að ég dett aftur fyrir mig og missi meðvitund. Þegar ég fæ meðvitund aftur kemst ég svo að því að þessi ókunnugi maður hafði í raun bitið af mér neðri vörina. Eftir það tók við langt og strembið bataferli en þegar ég hafði loks náð einhverjum bata ákvað ég að halda áfram að semja plötuna. Textinn sem ég samdi var það sem kom uppúr mér þegar

PETTA VAR SVOSEM
EKKERT FYRIRFRAM
ÁKVEÐIÐ, HELDUR VAR
ÞETTA FREKAR
EITTHVAÐ SEM LÁ
ÞUNGT Á MÉR OG
ÞURFTI GREINILEGA
AÐ KOMAST ÚT.

ég settist niður og skrifaði þetta lag. Þetta var svosem ekkert fyrirfram ákveðið umfjöllunarefni heldur var þetta frekar eitthvað sem lá þungt á mér og þurfti greinilega að komast út,“ og á hann þar við lagið Barcelona sem hefur vakið mikla athygli frá því hann gaf það út.

„Það er eiginlega ekki hægt að lýsa því hvernig þessi lífsreynsla var eða er. Ætli það sé því ekki best að lýsa þessari lífsreynslu með þeirri setningu að þetta sé einfaldlega ólýsanleg lífsreynsla.“ Ég tek heilshugar undir þau orð, enda ekki á hverjum degi sem maður heyrir lýsingar á borð við þær sem Ívar segir okkur frá og þykir mér með eindæmum að hann geti skilað atburðunum frá sér á jafn fagmannlegan hátt og í laginu Barcelona, sem verður að viðurkennast að er alveg sérstaklega grípandi. „Eins og ég sagði þá samdi ég mest alla plötuna í þessum veikindum svo það má eflaust finna svipaða lykt af hinum lögunum. Taktarnir eru allir gerðir af sama producernum, Fonetik Simbol, sem er jafnframt producerinn í Original Melody. Ég held þó að platan sé frekar í léttari kantinum hvað hip-hop varðar.“

Það er ljóst að það er í nógu að snúast hjá Ívari þessa dagana því hann ætlar að frumsýna glænýtt tónlistarmyndband á næstu misserum sem kostaði hann aleiguna. „Ég fékk þarna algjöra meistara til þess að vinna þetta myndband með mér. Það gildir það sama um það og annað, ég vil ekki gefa of mikið upp, en ég get þó sagt ykkur frá því að maðurinn sem er að vinna myndbandið ákkúrat á þessu augnabliki er sami maður og vann að bíómyndum á borð við Salt, Harry Potter og jafnvel Contraband, svo eitthvað sé nefnt.“

Með þessum orðum kveðjum við rapparann úr vesturbænum og bíðum spenntir eftir að sjá myndbandið sem hann talar um.

KÚRA

Hljómsveitin Kúra hefur verið að vekja mikla athygli í Danmörku undanfarna mánuði og því beið **Heimir Berg** ekki boðanna og fór yfir málin með **Fanney Ósk Þórisdóttur**, söngkonu sveitarinnar.

„Ég er fædd og uppalin á Íslandi en Brynjar flutti til Danmerkur þegar hann var níu ára og hefur búið þar síðan,“ sagði söngkonan Fanney Ósk Þórisdóttir aðspurð um hvaðan meðlimir hinnar dönsk/íslensku hljómsveitar Kúra koma, og á hún þar við frænda sinn, Brynjar Bjarnfoss. „Við tvö byrjuðum að vinna saman að tónlist þegar Brynjar var í heimsókn á Íslandi og við sátum úti í garði heima hjá mér í steikjandi hita. Ég sýndi honum Gógó og hann sagðist geta gert það í tölvunni hjá sér áður en ég myndi syngja inn á það,“ en þess má geta að Gógó er nafnið á fyrsta lagi hljómsveitarinnar. „Ég var mjög ánægð með það sem hann sendi mér og fór strax seinna um sumarið til Danmerkur til þess að klára lagið og semja fleiri.“

Þau tvö eru þó ekki einu meðlimir hljómsveitarinnar því daninn Rasmus Liebst gekk til liðs við tvíeykið á síðasta ári og segir Fanney þau öll koma úr mjög mismunandi áttum og þau séu því enn að þróa sinn eigin stíl. „Ætli það sé ekki bara það sem gerir okkur góð að við erum svo fjölbreytt.“ Ég get alveg tekið undir það að hljómsveitin sé góð og fyrir þá sem hafa gaman af elektrónískri tónlist í rokkaðri kantinum sem er teymd áfram af dáleiðandi röddu, sem ég get á einhvern furðulegan hátt ekki líkt við neitt í fljótu bragði, þá er óhætt að mæla með Kúra. Til þess að gefa þeim lesendum sem ekki hafa heyrt um hljómsveitina áður einhverja hugmynd þá má nefna að söngkona The Knife, Karin Dreijer Andersson, kom reglulega upp í hugann þegar ég fór að þæla eitthvað sérstaklega í því, en hvort það hafi verið tónlistin eða rödd

Fanneyjar sem dró mig til sænsku hljómsveitarinnar er ekki gott að segja. Danski raftónlistarmaðurinn Aebeloe fyrir þá sem þekkja er þó kannski nærri lagi. En væri ekki bara best að heyra hvað Fanney sjálf hefur að segja um tónlistina? „Ég myndi lýsa henni fyrst og fremst sem ólýsanlegri tónlist, ef ef ég þyrfti að setja hana í orð þá myndi það vera *dreamy rock electronica*.“

Hvað sem því líður þá er ég þó ekki einn um að þykja tónlist hljómsveitarinnar góð því þau hlutu verðlaun á síðasta ári sem „best underground electronica act of 2011“ í Danmörku og því ljóst að það er hópur þarna úti sem fílar tónlistina sem þau senda frá sér. En eru þau ekkert á leið til Íslands að spila? „Við ætlum að koma okkur á gott ról í Danmörku fyrst og um leið og það gerist þá munum við koma til landsins.“ Það verður skemmtilegt að sjá og vonandi ekki langt að bíða þess að sveitin haldi tónleika hér á landi, en til að stytta biðina þá er gaman að segja frá því að það er plata á leiðinni, ekki satt? „Já það skal vera rétt hjá þér! Platan er væntanleg í mars og erum við að drepast úr spenningsi.“

Eitt að lokum, hvaðan kom þetta nafn eiginlega? „Við vildum hafa það á íslensku svo við fórum aðeins að hugsa út í nöfn á íslenskum hljómsveitum, s.s. Sigurrós og Á móti sól og við ákváðum að liggja bara með ostabakkanum og skíra hljómsveitina Kúra.“ Like it!

www.facebook.com/kuramusic



„JÁ ÞAÐ SKAL VERA RÉTT HJÁ ÞÉR! PLATAN ER VÆNTANLEG Í MARS OG ERUM VIÐ AÐ DREPAST ÚR SPENNINGI.“



hauskúpan & hamarinn

LEIÐIR ÞEIRRA LÁGU FYRST
SAMAN Í KIRKJUGARÐI
Í GRAFARVOGI ÞAR SEM
ÓUPPGERÐAR SAKIR VORU
EFST Á BAUGI. Í DAG BÚA
ÞEIR HINSVEGAR FJARRI
ÖLLUM KIRKJUGÖRÐUM
Í KÓNGSINS KÖBEN,
ÞAÐAN SEM ÞEIR SINNA
VINNUNNI, ÁHUGAMÁLINU
OG LÍFINU SJÁLFU.

ORÐ HEIMIR BERG
MYNDIR HÖRÐUR ÁSBJÖRNSSON





VIÐ

komum úr sitthvoru hverfinu í Grafarvogi og vorum miklir óvinir á sínum tíma,” sögðu þeir félagar og sammældust um að þeir hafi ávallt vitað af hvor öðrum en það hafi ekki verið fyrr en áhuginn á stelpunum fór vaxandi sem rígurinn hafi myndast. Ég sit í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda á Laugaveginum og tala við þá Einar Thor og Jónas Breka sem voru mættir fyrir framan tölvuskjáinn á vinnustofu Thors Hammer í Kaupmannahöfn. Aftur voru þeir sammála um að sætustu stelpurnar hafi komið úr öðrum skólanum og þegar stelpa sem Breki var að hitta (að því leyti sem fólk gerir þegar það er þrettán ára) mætir með sogblett eftir kynni sín og Einars þá hringir Breki frekar ósáttur í Einar og vill ræða við hann um þetta. „Þetta er náttúrulega áður en allir voru komnir með farsíma og allt það þannig að Breki hringir bara heim til mín, til foreldra minna, og segist vilja hitta mig. Ákveðið var að hittast á hlutlausu svæði í Grafarvoginum og varð Gufuneskirkjugarður fyrir valinu.“ Það vissu náttúrulega allir hvað var að fara að gerast þegar menn taka fílófaxið upp og merkja fund við óvin sinn inn á dagatalið – og það í kirkjugarði!

Það fór nú ekki betur en svo að Breki steingleymdi að mæta á tilskipuðum tíma í kirkjugarðinn „enda eflaust upptekinn við að reyna að koma sogblett á fyrrverandi kærustuna sína,” segir Einar og springur úr hlátri. Óvinskapurinn lifði þannig eitthvað áfram, og það var ekki fyrr en mörgum árum seinna sem sameiginlegur vinur þeirra leysti ágreininginn sem hafði kraumað undir niðri öll þessi ár. Þetta var upphafið að vináttu þeirra sem hefur nú staðið hátt 17 ár segir Breki og bætir Einar við að hann hafi margoft reynt að hætta að vera vinur hans á þessum tíma.

Í dag eru þeir hinsvegar bestu vinir og ekki síst eftir að þeir fluttu báðir til Danmerkur. Breki flutti árið 2003 þegar hann fékk vinnu við að mála og ári síðar hafði hann reddað Einari vinnu hjá sama fyrirtæki. Þeir unnu mikið á Jægersborgade, þar sem Hells Angels hafa ráðið ríkjum í fjölda ára og máluðu til að mynda klúbbhúsið þeirra, sem þeir segja að hafi verið mjög eftirminnilegt. „Já, það var ótrúlegt, þeir voru með hass út



um allt og við þurftum nánast að mála framhjá því og passa okkur á að mála ekkert í það. Þeir voru ekkert að færa það fyrir okkur." Þess má geta að nokkrum árum áður en þeir mættu á vígvöllinn á Jægersborgade með pensil í rassvasanum hafði Bandidos gengið gert fræga basúku-árás á sömu slóðum, sem vitanlega fór ekki vel í Hells Angels-liða.

Breki uppgötvaði skartgripahönnun þegar hann var ungur að árum en það var ekki fyrr en hann var rúmlega tvítugur sem hann áttaði sig á því að hann vildi tileinka lífinu þessari list. Hann byrjaði í raun að hanna sína eigin skartgripa um leið og hann fékk pláss hjá hinum virta Ole Lyngaard sem lærlingur í gullsmíði, þaðan sem hann útskrifaðist árið 2009. „Ég fór svo fljótlega til Hanoi í Víetnam í eitt og hálf ár að vinna fyrir tvö stór fyrirtæki með 200 manns í vinnu. Ég var því lítið að sinna mínu eigin fyrirtæki á þeim tíma en núna er kominn tími á að eyða smá tíma í mína eigin hönnun.“ Þegar þarna er komið við sögu heyrir ég nánast ekkert hvað þeir félagar eru að segja fyrir kaffivélinni sem hafði farið á yfirsnúning í kjölfar þess að hópur túrista ákvað að deila kaffihúsinu með mér. „Já, sko, ég er með tvö mismunandi merki í gangi, Zero 6 og svo Breki. Ég er að nota aðallega gull, silfur og demanta í þetta en Zero 6 merkið er ég að hanna með konunni minni, Gúry Finnbogadóttir. Það er kannski aðeins kvenlegra á meðan Breki er í hina áttina, fyrir karlana.“ Fyrir þá sem ekki þekkja til þá hagnar hann einstaka skartgripa þar sem hausjúpur koma mikið við sögu.

HUGMYNDIN

á bakvið Thors Hammer kom til Einars í formi draumar. „Frænda minn, Gísli Súrsson, vitjaði mín eina nóttina og tjáði mér það að ég þyrfti að halda heiðri Íslensku víkingana á lofti. Á sama tíma var ég að vinna í Húsgagnahöllinni og áttum við mikið til af leðurprufum fyrir rándýra ítalska sófa. Ég hafði spurt verslunarstjórnann hvort hvort hann mætti ekki sjá af þeim prufum sem við vorum hættir að selja, en hann sagði flatt nei.“ Einar tók þessari neitun hinsvegar eins og Gísli Súrsson sjálfur hefði gert og túlkaði hana á afar jákvæðan hátt. „Ég skildi það sem já og fékk í láni nokkrar leðurprufur og úr þessum prufum litu fyrstu Thors Hammer armböndin dagsins ljós, og til að heiðra frænda minn Súrsson nefni ég eitt armbandanna í höfuðið á honum.“ Þess má geta að allar aðrar Thors Hammer vörur fá nafn sem tengist norrænu goðafræðinni sem á að endurspeglar víkingatenginguna að sögn Einars. „Ég má til með að þakka Húsgagnahöllinni fyrir hjálpina því án þeirra aðstoðar eða skort á henni væri ég eflaust að reyna að selja öllum landsmönnum sófasett í dag.“



**KRÁKAN
THORS HAMMER**



**BOBBEL RING
ZERO 6**



**BONE CHRUSHER
ZERO 6**



**SKULL OF QUOTES
BREKI DESIGN**



**MJÖLNIR
THORS HAMMER**



STAÐAN ER EINFALD -
LEGA SÚ AÐ ÞEIR
BÁÐIR ERU MEÐAL
ÞEIRRA STÆRSTU Í
SVOKÖLLUÐUM ROCK 'N
ROLL FYLGIHLUTUM Á
NORÐURLÖNDUNUM

Einar Thor rúllaði boltanum af stað á Myspace árið 2005 við góðar undirtektir en það varð ekki fyrr en 07.07.07 sem að Thors Hammer var stofnað. „Á meðan allmargir voru uppteknir við að kaupa sér húsbíl og íbúð

fannst mér tímabært að setja merkið af stað og snúa til fortíðar með leður að vopni.“

Upprunalega var hugmyndin sú að hanna og útbúa leðurarmbönd, sem er vissulega það sem hann fæst aðallega við í dag, en þar að auki hefur hönnunin meðal annars teygt anga sína yfir í stuttermaboli, hettupeysur, belti og skartgripir sem unnin er út frá hugmyndafræðinni að baki Thors Hammer.

Þrátt fyrir að fyrirtækin tengist ekki á neinn hátt þá sést greinilega að báðir leggja þeir töluverða áherslu á að það í markaðsetningu sinni að þeir komi frá Íslandi og séu með víkingablóð í æðum. Þetta er meðvituð ákvörðun hjá þeim þar sem það sé mikil samkeppni á þessum mörkuðum en þeir hafa þó forskot á aðra aðila þar sem þeir einblína frekar á karla en konur og er staðan einfallega sú að þeir eru báðir meðal þeirra stærstu í svokölluðum Rock'n Roll fylgihlutum á norðurlöndunum.

„Það er búið að vera nóg að gera og lítur út fyrir að það haldi áfram,“ sagði Einar þegar ég spurði þá hvernig fyrirtækjareksturinn gangi. „Breki var náttúrulega með sýningu á Copenhagen Fashion Week í síðustu viku og svo á KEX Hostel um jólin,“ sagði hann áður en Breki kom inn í samtalið aftur. „Eins og ég segi þá er ég búinn að vera mikið í Víetnam undanfarið og lítið getað sinnt minni hönnun, en þetta verður árið sem ég sný við blaðinu og einbeiti mér að því sem mig langar virkilega að gera,“ sagði Breki.

Nýjasti hringurinn frá honum er tiltölulega nýkominn í sölu og hafa vörurnar hans nýverið verið teknar til sölu í tveimur búðum í Noregi auk þess sem stendur til að setja netverslun á heimasíðu hans. Hvað Thors hammer varðar

þá er mikið að gerast og opnuðu þeir til að mynda PopUp verslun um jólin á Laugavegi. „Það gekk vonum framur og seldum við nánast allar vörur upp á Þorláksmessu eftir aðeins 7 daga. Thors Hammer mun tjalda öllu til og verður á Hraskelduhátíðinni í ár með sína eigin búð ásamt því að hanna og framleiða á nýjan leik armbönd fyrir Copenhagen Pride sem eru hinsegin dagar í Kaupmannahöfn með yfir 100.00 gesti og í fyrra seldum við upp nokkur þúsund armbönd með yfirskriftinni „Wear it with Pride“ og gáfum ágóðann til styrktar hátíðinni.“ Hér heima eru Thors Hammer vörurnar svo að fara að verða meira áberandi á næstunni þar sem þær verða t.d. fánlegar í Dogma auk nokkura annarra verslana, en hingað til hafa landsmenn eingöngu geta keypt þær á netinu.

STEFNUNA HAGA

Þeir félagar sett ansi hátt fyrir nánustu framtíð og lítur árið sem nýgengið er í garð út fyrir að taka þeim fagnandi. Segir ekki einhverstaðar að árangur náist ekki á einni nóttu? Einar og Breki hafa báðir verið að gera flotta hluti í hönnun sinni undanfarin ár og eftir stutt þriggja manna tal okkar er ég þess fullviss að þeir eigi eftir að ná langt. Hvað sem því líður, þá get ég bókað að við eigum eftir að heyra meira af þeim á næstu mánuðum og árum því þeir eru rétt að byrja.

SVARTUR Á LEIK

Ein vinsælasta spennusaga sem hefur komið frá íslenskum rithöfundum síðustu árin öðlast nýtt líf undir handleiðslu **Óskars Þórs Axelssonar**, leikstjóra myndarinnar Svartur á leik, sem er væntanleg í bíósalum landsins á næstu dögum. Kavalér heyrði í honum hljóðið.

ORÐ HEIÐAR MAR BJÖRNSSON

Kvikmyndin *Svartur á leik*, sem er byggð á samnefndri bók Stefáns Mána, verður frumsýnd þann 2. mars næstkomandi. Hún var þó heimsfrumsýnd 1. febrúar á kvikmyndahátíðinni í Rotterdam og seldist upp á allar fjórar sýningarnar. Í raun var það mikil aðsókn í miða á myndina að þeir voru komnir í svarta markaðssölu, sem kannski endurspeglar myndina sjálfa. En eftirvæntingin er ekki bara bundin við gesti kvikmyndahátíðarinnar þar ytra því hér heima bíðum við eftir því að sjá Stebba physco, Tóta, Jóa Faróa og aðra undirheimahunda lifna við á tjaldinu. Að því tilefni mælti ég mér mót við leikstjóra og handritshöfund myndarinnar *Óskar Þór Axelsson* á Skype og hitti á hann þar sem hann var staddur í hljóðveri að fínþússa síðustu flísarnar á sköpunarverkinu.

Fyrir þá sem vita ekki um hvað myndin snýst þá fjallar hún í stuttu máli um Stebba, landsbyggðapilt sem er nýfluttur til borgarinnar. Hann kemst í kynni við undirheima Reykjavíkur þar sem valdabarátta á fíkniefnamarkaðnum er í hámarki. Þá er skipulögð glæpastarfsemi að ryðja sér til rúms og áður en Stebbi veit af þá er hann kominn á kaf inn í þennan heim.

Bókin kom út um jólin 2004 og nánast um leið höfðu framleiðslufyrirtækin Filmus og Zik Zak tryggt sér kvikmyndaréttinn, þau leituðu til Óskars sem las bókina og leist vel á. Eftir að hafa hitt Stefán Mána og útskýrt sína sýn á verkið, fór Óskar á fullt árið 2006 að byrja að vinna að myndinni samhliða öðrum verkefnum, auk þess sem hann útskrifaðist frá NYU sem kvikmyndagerðarmaður. Svartur á leik er fyrsta mynd hans í fullri lengd, og því lá beinast við að spyrja hann hvort hann sé ekki stressaður fyrir frumsýningunni? „Jú algjörlega, ég viðurkenni það fúslega. En ég er ekki eins stressaður og ég var fyrir rúmri viku síðan þegar ég var aldrei búinn að sýna hana. Mér líður núna okei og ég held að hún sé að virka en er samt stressaður.“ Áhorfendur í Rotterdam fögnuðu myndinni ákaft en Óskar er vel meðvitaður um að hann er að fara takast á við annarskonar hóp í Íslandi. „Auðvitað eru íslensku áhorfendurnir annað mál! Þeir skilja íslenskuna, sjá öðruvísi vinkill á leikinn og þekkja jafnvel bókina o.s.frv. Þannig að þeir eru örugglega gagnrýnni en áhorfendur á svona kvikmyndahátíð.“

Það er vandasamt verk að færa skáldsögu yfir í kvikmynd, og ekki hjálpar til ef bókin hefur



SCRCI

AJ 19261


POLICE DEPT.
MADISON, WISC

ÓSKAR THOR
AXELSSON

08 12 06

MALE

6'3"
6'
5'9"
5'6"
5'3"
5'
4'9"
4'6"
4'3"
4'





slegið í gegn. Svartur á leik er um 500 blaðsíður, handrit myndarinnar er um 100 blaðsíður og því hefur mikið vatn runnið til sjávar í yfirlögunarferlinu. „Það var mikill tími sem fór í vinnuna við handritið, það var rosa lærdómsríkt. Það má segja að ég hafi farið lengri leiðina, ég hugsa um að ég myndi gera þetta pínulítið öðruvísi ef maður myndi gera þetta aftur. Þá myndi maður vera sneggri að taka ákvarðanir.“ Ákvarðanir sem eru lúxusvandamál, að þurfa finna út hvað á að fara í myndina og hvernig best sé að vinna úr efninu. „Maður þarf að vera dálítið skipulagðari með skurðarhnífinn strax frá upphafi, en auðvitað var það líka bara reynsluleysi. Ég sé það núna þegar ég hef verið að lesa fleiri bækur hvernig er betra að vinna þetta.“ Fyrsta handritið af myndinni sem Óskar skrifaði var vel yfir 200 blaðsíður „Það var epískt handrit og ég hafði bara allt með í því.“ En svo tók við vinna að lesa yfir, velja, hafna og bæta við og eftir nokkur drög til viðbótar var komið fullmótað handrit. Hann lagði mikla áherslu á að halda sig við stíl og yfirbragð bókarinnar.

Til að kafa ofan í þann heim sem bókin segir frá fékk Óskar nótur og viðtöl sem Stefán Máni hafði notað í sinni rannsóknarvinnu, viðtöl við menn sem voru innvinklaðir í hið fræga stóra fíkniefnamál sem kom upp í kringum aldamótin. Einnig leitaði hann ráða hjá lögreglunni, fékk þar að heyra símahlerarnir úr fíkniefnarannsóknunum, auk þess sem lögreglan hjálpaði til að gera þau atriði sem snýr að henni sem trúverðugst. Það hefur því á ýmsu gengið undanfarin ár hjá Óskari þar sem hann hefur þurft að rannsaka dökku hliðar samfélagsins í samblandi við að lifa eðlilegu fjölskyldulífi, en í dag á hann tæplega 2 ára gutta og annað kríli væntan-

legt á þessu ári. Því varð ég forvitin að vita hvenær þabbinn Óskar myndi leyfa börnunum sínum að horfa á myndina? „Haha góð spurning. Ja það er nú það. Segjum 14 ára.“

Það vakti óumdeilanlega athygli að hann fékk hinn þrúða Þorvald Davíð til að leika Stebba physco, enda langt í frá að vera augljósi kosturinn í hlutverkið. Upphaflega fékk hann Þorvald í prufur fyrir aðra persónu en fljótlega fór Óskar að sjá að þarna væri Stebbi hinsvegar kominn. Hann var með margar og erfiðar prufur til að finna réttu leikarana og eftir strangt ferli og fjölda samlestra var hann sannfærður að hann væri kominn með rétta manninn. Vissulega var hann meðvitaður um að áhættan væri mikil, því hver sá sem lesið hefur bókina hefur sína mynd af Stebba í huganum. Þorvaldur sannaði hinsvegar strax að hann var með þetta og eins og Óskar var búinn að átta sig á, þá er drengurinn eins og kamelljón þegar hann er í karakter. Þorvaldur stóð í ströngu á tókutímabilinu því samhliða upptökum var hann að útskrifast sem leikari úr hinum virta Julliard skóla í New York, og þurfti hann því að flakka mikið á milli Reykjavíkur og Bandaríkjanna. Hérlandis var þó meira fjallað um strangar æfingar Jóhannesar Hauks, sem byggði á sig hvern vöðvann á fætur öðrum í undirbúningi sínum fyrir hlutverk sitt sem Tóti. En hvor þeirra, Þorvaldur eða Jóhannes, er meiri jaxl í alvöru? „Ég segi að það sé Þorvaldur Davíð. Hann var mikið út á landi, á Fáskrúðsfirði þegar hann var að alast upp og kemur á óvart, en hann er með þessa íslensku karlmennsku hörku í sér, og síðan var hann undir gríðarlegu álagi í tókunum, bæði var hann nánast alltaf á setti og var að útskrifast. En á móti er Jói náttúrlega algjör kelling,“ sagði Óskar og hló dátt.

“EN Á MÓTI ER JÓI
NÁTTÚRLEGA ALGJÖR
KELLING.”



Stikla myndarinnar sýnir svo að ekki verði um villst að gróft ofbeldi og opinskátt kynlíf er eitthvað sem bíógestir eiga von á. Óskar segir mér að vissulega sé ofbeldið og kynlífið til staðar, enda á það sinn part í bókinni, og að þær senur sem innihalda kynlíf og/eða ofbeldi séu ekki bara í myndinni til að trekkja bíógesti að. „Þær eru hluti af sögunni og þjóna því tilgangi í framvindu hennar.“ Hins vegar hafi honum kviðið mikið fyrir þeim tókum, svona senur taka verulega á leikarana og hann hafi verið með unga og óreynda leikara í hópnum. Undirbúningurinn var því mikill og góður, allir leikarar vissu frá fyrsta degi hvernig þessu yrði háttað og svo var rætt og þælt saman hvernig hlutirnir yrðu gerðir. Enda kom það á daginn að þessar tökur voru með þeim þægilegustu í öllu ferlinu þó svo leikararnir hafi auðvitað gefið alla sína orku og kraft, þá gekk þetta snuðrulaust fyrir sig og útkoman betri en nokkur hefði getað óskað sér. Þrátt fyrir það eru mögulegir dreifingaraðilar í Ameríku búnir að óska eftir fundi með leikstjóra og framleiðendum þar sem farið verður yfir það hvort klippa eigi til eina og eina senu sem þeim finnst fullgrófar. Óskar er þó hvergi banginn og mun mæta þeim með opnum hug, enda ríkir mikil spennan fyrir myndinni vestanhafs. Við Íslendingar fáum sem betur fer óklippta útgáfu okkar manns af myndinni.

En það er meira í spilunum í Bandaríkjunum því Óskar er á samningi hjá umboðsskrifstofunni William Morris Endeavor sem er ein af þeim stærstu í heimi og hefur á sínum snærum leikstjóra á borð við Tim Burton, Quentin Tarantino og Michael Bay. En er hún ekkert of stór? „Þetta var alveg spursmál hjá mér hvort það væri sniðugt hjá mér að vera svona lítill fiskur á svona stórri umboðsskrifstofu eða þá að vera aðeins stærri fiskur hjá minni skrifstofu, en ég hallaðist síðan frekar að þessu, út af því að þú hefur svo mikinn aðgang að öllu hjá þeim, minni skrifstofur hafa ekki eins góðan aðgang.“ Óskar vill ekkert gefa upp neitt hvað taki við en segist bara vera skoða það sem honum standi til boða, auk þess er hann með handrit sem hann skrifaði sjálfur. En eins og staðan er í dag er það bara að klára frumsýna Svartur á leik og sjá síðan hvað setur. Enda veltur það mikið á viðtökunum hvað gerist næst í hans málum.

Upp komst í spjalli okkar á milli að ein af hans uppáhaldsmyndum er Goodfellas og hafði hann þá mynd oft í huga við gerð Svartur á leik, enda frábær mynd um líf sem fylgir hvorki lögum né reglu. Frægt er atriðið þegar Henry Hill (Ray Liotta) kemur á Copacabana næturklúbbinn með eiginkonu sinni. Atriðið er allt ein taka og þykir eitt það flottasta sem gert hefur verið. Óskar hló þegar ég minntist á þetta því samskonar töku hafi þeir reynt og átti að gerast á Skugga-barnum sáluga. „Hún hélt ekki alveg svo við klippum hana til og bætum inn öðrum skotum, en hún var fín.“ Er það ekkert til að skammast sín fyrir því Martin Scorsese fékk 2 daga fyrir sitt atriði en Óskar og íslensku kvikmyndagerðarmennirnir tæpa 4 klukkutíma.

Óskar þór er þó ekki einungis límdur við leikstjórástólinn og í raun hefur hann leyst flest öll hlutverk á kvikmyndasetti, þó ekki nema kannski í mýflugumynd. En hann er þó góður í einu öðru hlutverki (heldur en leikstjórn) og það er sem kvikmyndatökumaður. Hann bjó nefnilega í New York í 8 ár þar sem hann lærði kvikmyndagerð. „Námið var kvikmyndagerð en í raun leikstjórnarnám. Uppbyggingin í náminu er samt sú að þú lærir allt og verðir með því betri leikstjóri. Þannig að sumir fara í aðra átt en leikstjórn. Þetta þróaðist bara síðan út í að ég fór að taka (kvikmyndataka) mikið.“ Óskar hefur meðal annars verið tókumaður á stuttmyndum Ísoldar Uggudóttir sem hafa fengið verðskuldaða athygli, hann tók stuttmynd fyrir vin sinn, Phil Johnston sem er handritshöfundur Cedar Rapids og Nebraska, sem er næsta mynd leikstjórans Alexander Payne (The Descendants, Sideways, About Schmidt). Þá er einnig er gaman að nefna það að hann skaut stuttmynd fyrir Mark Heyman árið 2004, en Heyman þessi er handritshöfundur Black Swan sem var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna í fyrra.

Það á eftir að vera spennandi að fylgjast með Óskari þór í komandi verkefnum en þangað til hann upplýsir okkur um það sem er næst á döfinni mælum við með því að fólk skelli sér í bíó og sjái alvöru íslenska glæpamynd. Svartur á leik, á nefnilega leik, þann 2. mars næstkomandi.



REIÐ MENNIN VESTTRANN

ORÐ RAGNAR TRAUSTI RAGNARSSON

estur, skotbardagar, indjárnar, víðáttan, áfengið, hattarnir og sporarnir ásamt fleiri táknmyndum er vestrinn. Í bandaríska vestrinum *Ulzana's Raid* frá árinu 1972 segir ein aðalpersónan að ef djöfullinn ætti helvíti og Arizona, þá myndi hann búa í helvíti og leigja út Arizona. Þetta lýsir ágætlega heiminum sem vestrarnir varpa fyrir sjónir áhorfenda. Vestrar eru dystópiur, en það er andstæðan við útópiur. Segjum bara sem svo að þú vilt ekki ala barnið þitt upp í vestrinum því heimur vestranna er án laga og reglna, þó svo að margir taki sig til og skelli stjörnu á brjóstið og þykist ætla að taka til í þessum heimi þá virðist það lítil áhrif hafa. Enda virðist sá böggull fylgja skammrifi að þeir sem setja á sig fógeta stjörnuna verða ekki langlífir.

Vestrinn er án nokkurs vafa ein þekktasta og langlífasta kvikmyndagrein sögunnar. Fyrsti vestrinn sem gerður var í kvikmyndasögunni var *The Great Train Robbery* frá árinu 1903 og síðan þá hafa mörg hundruð vestrar verið gerðir enda höfðað mjög til flestra karlmanna og jú einnig kvenna, þó ég gefi mér að karlmenn séu í meirihluta. Það muna væntanlega flestir sem komnir eru á aldur eftir bíósýningum hérna á Íslandi þar sem ungir þeyjar þyrptust í bíó til að sjá Roy Rogers, en hann lék í aðeins barnvænni vestrinum, það er að segja ekki góðu vestrinum. Vona að enginn

EKKERT KARLMANN-
LEGRA EN SVEITTUR
OG SKÍTUGUR KÚREKI
EINN Á FÁKI SÍNUM
Í AUÐNINNI MEÐ
SKOTSÁR Á ÖXLINNI
OG EITT SKOT EFTIR
Í BYSSUNNI.

móðgist en því miður þá var Roy Rogers ekki svalur kúreki.

Margar stórgóðar kvikmyndir hafa verið vestrar, þá nægir að nefna spagettí vestra Sergio Leone í því samhengi, en spagettí-vestrar voru þeir vestrar kallaðir sem framleiddir

voru á Ítalíu. Kvikmyndirnar *The Good the Bad and the Ugly* frá árinu 1966 og *For a Few Dollars More* þekkja margir enda hrikalega fínar kvikmyndir og ekki skemmir fyrir að hinn eitursvali Clint Eastwood gerði garðinn frægan í þeim myndum og mörgum öðrum vestrum. Ef einhverjir áhugasamir vilja svo skoða kvikmyndir sem leika sér með vestra hugmyndina þá er hægt að horfa á all sérstaka vestra eins og mynd Mel Brooks, *Blazing Saddles* frá árinu 1974, þar sem hann tekur þekkt einkenni vestranna og snýr þeim upp í grín. Einnig er Mexíkóski vestrinn *El Topo* frá árinu 1970 mjög áhugaverð mynd ef fólk vill sjá algjörlega út úr þessum heimi vestra. Nægir að fletta henni upp á IMDB.com og skoða ljósmyndir úr myndinni og þá skilja menn hvað ég á við.

Það vaknar einhver fortíðarþrá í hjarta manns þegar horft er á góðan vestra og já þá tala ég um góða vestra því nóg er líka til af lélegum vestrum. Frægasti kúreki allra tíma er án efa Lukku Láki sem margir þekkja úr myndasögubókum og úr sjónvarpi. Svo voru það Clint Eastwood og John Wayne sem voru hinir einu sönnu kúrekar enda báðir fæddir til þess að leika í vestrum og ef lesandi góður hefur ekki séð *Rio Bravo* eða hina upprunalegu *True Grit*, sem báðar skarta John Wayne í aðalhlutverki, þá er um að gera að kíkja á þær sem fyrst. Því þar erum við að tala um kúreka þar exelans. Karlmenntan er yfirleitt í fyrirrúmi í vestrinum og þar eru menn harðir í horn að taka. Það er

lítið pláss fyrir kvenmenn í vestrum þó svo að nokkrir vestrar hafi verið gerðir þar sem konur eru í aðalhlutverkum, sem dæmi má nefna *The Quick and the Dead* með Sharon Stone í aðalhlutverki. Sharon Stone í vestra er eitt-hvað sem enginn má missa af, eða hvað?

Það er yfirleitt hrár og kaldur heimur í vestrinum sem heillar á einhvern óskiljanlegan hátt. Má kalla þorpin sem yfirleitt birtast í vestrum Sódómu í auðninni enda yfirleitt ekki pláss fyrir góðmennsku og guð, en yfirleitt nóg pláss fyrir vændiskonur og fulla kúreka. Andstæður eru ríkjandi í vestrum og yfirleitt myndast spennan í þessum andstæðum sem liggur eins og mara yfir myndunum, auðnin og borgin, nútíminn og fortíðin, hesturinn og tæknin, lög og lögleysa, kúrekar og indjárnar og svo mætti lengi telja. Þetta eru andstæðupörin sem skapa vestrana.

Það er ekki af ástæðulausu sem ég skrifa um vestra í karlatímarit enda ekkert karlmannlegra en sveittur og skítugur kúreki einn á fáki sínum í auðninni með skotsár á öxlinni og eitt skot eftir í byssunni. Einnig er áhugavert að vita til þess að Howard Hawks einn þekktasti vestra leikstjórinn er talinn hafa sótt innblástur fyrir sínar myndir í Íslendingasögurnar og því má segja að við Íslendingar eigum smá hlut í vestrinum hans (sel það þó ekki dýrara en ég keypti það). Ég vona bara að áhugi lesenda fyrir vestrum hafi kviknað því Tom Cruise hlaupandi um eins og kjáni á ekki séns í Clint Eastwood með marghleypu í annarri og sígarettu í hinni, jafnvel þótt Clintarinn sé orðinn 81 árs.

A close-up photograph of a person's hand holding a black pen and a small white notepad. The notepad has the words "I AM SORRY?" written in black ink. The background is a blurred outdoor scene with green trees.

I AM
SORRY
?

EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE

Myndin sem læddi sér bakdyramegin inn á Óskarsverðlaunahátíðina verður frumsýnd hér á landi 17. febrúar. Hún hefur fengið mjög misjafna dóma meðal gagnrýnenda sem og kvikmyndaáhugafólks og undrast margir ákvörðun akademíunnar að setja hana í flokk bestu mynda ársins.

Extremely Loud and Incredibly Close segir frá hinum níu ára gamla Oskar (*Thomas Horn*) sem er sannfærður um að faðir hans (*Tom Hanks*) hafi skilið eftir skilaboð til sín einhverstaðar í New York áður en hann lést í árásunum á World Trade Center árið 2001. Móðir hans (*Sandra Bullock*) er þjökuð af söknuði og í stað þess að



vorkenna sjálfum sér heldur Oskar út í borgina einn síns liðs í leit að skilaboðunum sem hann trúir að sé að finna einhverstaðar. Á þessu ferðalagi sínu kynnist hann ýmsum kynlegum kvistum sem fá hann til að átta sig á því hvað lífið býður í raun uppá.

Leikstjóri myndarinnar er Englendingurinn *Stephen Daldry* sem er einna þekktastur fyrir kolanámudansmyndina *Billy Elliott* sem sló í gegn um árið og *The Reader*, en fyrir hana var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna. Með aðalhlutverk fara eins og áður segir *Thomas Horn*, *Tom Hanks* og *Sandra Bullock*, en auk þeirra fara *Viola Davis* og *Max von Sydow* með aukahlutverk, og verður sá síðastnefndi væntanlega í sparifötunum þegar Óskarsverðlaunahátíðin fer fram þar sem hann er einn þeirra fimm sem þóttu standa sig best í aukahlutverkum karla þetta árið.

VÆNTANLEG
Í BIÓ



YOUNG ADULT

Undrabarnið *Jason Reitman* sendir frá sér sínu fjórðu kvikmynd í fullri lengd að þessu sinni með sinn vanalega skammt af svörtum húmor í farteskinu. **Young Adult** segir frá rithöfundinum Mavis Gary (Charlize Theron) sem setur framann í stórborginni í annað sæti í kjölfar ástarsorgar sem hún upplifir. Hún flytur því heim í smábæinn Mercury í Minnesota og hyggst taka upp þráðinn þar sem frá var horfið með æsku-ástinni og fyrrverandi kærasta sínum. Það eina sem stendur í vegi fyrir henni er sú staðreynd að hann er hamingjusamlega giftur og á nýfætt barn.



Auk *Charlize Theron* má sjá *Patrick Wilson* og *Patton Oswalt* (einna frægastur fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum *King of Queens*) í stórum hlutverkum. Leikstjórinn *Jason Reitman* hefur tvívegis verið tilnefndur til Óskarsverðlauna þrátt fyrir að hafa einungis leikstýrt þremur kvikmyndum áður en hann tók að sér að leikstýra *Young Adult*. Hann var tilnefndur fyrir hinar stórgóðu *Juno* og *Up In The Air*, en auk þeirra vakti fyrsta mynd hans, *Thank You For Smoking*, mikla athygli á sínum tíma.

Myndin hefur víðast hvar fengið góða dóma frá því hún var frumsýnd og er jafnan talað um „grown up *Juno*“ í því samhengi, sem þarf ekki að koma á óvart þar sem *Reitman* fékk nánast sama teymi með sér að gerð þessarar myndar og hann gerði með *Juno*.

Frumskýnd 2. mars **Gaman / Drama**

VÆNTANLEG
Í BÍÓ



HAYWIRES

Haywire er spennumynd úr smíðju *Steven Soderbergh* með *Ewan McGregor*, *Michael Fassbender* og *Gina Carano* í aðalhlutverkum. Myndin segir frá hinni fögru *Mallory Kane* (*Carano*) sem var þjálfuð af CIA og leigð til ýmissa alþjóðlegra fyrirtækja með það að leiðarljósi að leysa í leyni viðkvæm mál sem mega ekki komast upp á yfirborðið. Eitt slíkt mál beið hennar í Barcelona þar sem ekki var allt með felldu og í kjölfarið kemst hún að því að CIA hafði reynt að koma sér fyrir kattarnef. Þarf hún því að nýta alla þá þjálfun sem hún hafði fengið til þess að koma sér aftur til Bandaríkjanna og ganga úr skugga um fjölskyldan hennar væri örugg - og það sem meira er þá ætlar hún að svara fyrir sig.



Myndin hefur verið að fá fína dóma í erlendum miðlum og má sem dæmi nefna fær hún 80% á Rotten Tomatoes og talað um að hún fangi áhorfandann og læsi hann í atburðarrásinni sem er víst ansi hröð og spennandi. Leikstjórinn Steven Soderbergh er þekktastur fyrir Ocean's myndirnar sínar, Erin Brockovich og Traffic, en fyrir hana hlaut hann Óskarsverðlaunin árið 2001. Auk þeirra leikara sem þegar hafa verið nefndir má sjá *Channing Tatum*, *Antonio Banderas* og hinn eitursvala *Michael Douglas* í misstórum hlutverkum. Þá má einnig minnst á það að þetta er einungis önnur kvikmyndin sem aðalleikona myndarinnar tekur að sér að leika í, en hún er fyrrverandi meistari í MMA og hefur nýlega kastað hvíta handklæðinu inn í hringinn og snúið sér að kvikmyndaleik.

Frumskýnd 24. febrúar **Spenna / Thriller**

VÆNTANLEG
Í BÍÓ



THIS MEANS WAR

This Means War er rómantísk gamanmynd með spennandi ívafi. Hún segir frá vinunum og CIA starfsfélögnum Foster (Pine) og Tuck (Hardy) sem komast að því að þeir eru báðir að deita sömu konuna (Witherspoon). Í kjölfarið fara þeir að keppast um hylli hennar á sama tíma og þeir vita að besti vinurinn bíður átekta í þeirri von um að félaganum mistakist. Ekki þarf að líða á löngu þar til þessi ástarþríhyrningur fer að hafa áhrif á líf þeirra innan sem utan vinnunnar og því ljóst að eitthvað þarf að láta undan ef þeir ætla að halda störfum sínum innan CIA.



Myndin er frumsýnd á sjálfan Valentínusardaginn í Bandaríkjunum, sem segir mikið um hverskonar mynd sé að ræða, og mikið kapp hefur verið lagt á að auglýsa hana sem næstu „deit“ mynd þar í landi. Þó er hún ekki þessi hefðbundna stelpumynd þar sem vænnin tekur öll völd og gætu framleiðendur því hitt beint í mark hjá báðum kynjum.

Leikstjóri myndarinnar er *Joseph McGinty Nichol* sem gengur iðulega undir listamanns nafninu McG og hefur hann áður sent frá sér myndir á borð við *Terminator Salvation*, *We Are Marshall* og *Charlie's Angels* tvíleikinn. Með aðalhlutverk fara eins og áður segir *Chris Pine*, *Tom Hardy* og *Reese Witherspoon*.

Frumnýnd: 17. febrúar **Spenna / Gaman / Rómantík**



THE DESCENDENTS



Leikstjóri: Alexander Payne

Aðalhlutverk: George Clooney, Shailane Woodley, Amara Miller, Nick Krause

The Descendents er afskaplega góð mynd sem segir á stórskemmtilegan hátt frá því hvernig Matt King (Clooney) tekst á við grámyglulegan hversdagsleikann í kjölfar þess að eiginkona hans lendir í alvarlegu slysi. Hann þarf að sjá um dætur sínar tvær, en hann hefur nánast ekki haft nein afskipti af uppeldi þeirra, sinna vinnunni og eiga við tengarforeldrana sem kenna honum um hvernig fór fyrir dóttir þeirra. Í ofanálag kemst hann að því að ástkær eiginkonan sem liggur stórslösuð á sjúkrahúsinu var að halda framhjá honum. Honum langaði eðlilega að komast að því hver hinn maðurinn í lífi eiginkonunnar væri og fer hann því í ferðalag ásamt dætrum sínum með það að leiðarljósi að finna náungann.

Myndin gerist í sólinni á Hawaii sem er í hrópandi mótsögn við hversu venjulegur söguþráður myndinnar er í raun og veru. Sögusviðið hjálpar þó til við það að mynda stemninguna sem Alexander Payne sóttist væntanlega eftir, en hann fer að verða algjör sérfræðingur í að koma mjög eðlilegum og hversdagslegum sögum einstaklinga á hvíta tjaldið. Hann hefur áður leikið sama leikinn í myndunum About Schmidt og Sideways sem skörtuðu annars vegar Jack Nicholson og annars vegar Paul Giamatti í aðalhlutverkum. George Clooney sýnir enn og aftur hversu góður leikari hann er og tekst hann á við þetta hlutverk af mikilli fagmennsku. Hann virðist bara batna með aldrinum og ekki slæmt fyrir hina ungu Shailene Woodley, sem er stórkostleg í hlutverki sínu, að fá tilsögn frá gráhærða sjéntilmenninu. Hún hefur að mestu fengið athyglina ásamt Clooney en en Nick Krause í hlutverki sínu sem (á tímum gjörsamlega óþolandi) vinur hennar er frábær. Hann er eins og áður segir óþolandi týpa framan af, en mjög mikilvægur í uppbyggingu myndarinnar og brýtur hana örlítið upp. Myndin hefur fengið afbragðsgóða dóma hjá flestum gagnrýnendum og fínar viðtökur meðal áhorfenda, sem endurspeglast í þeim fimm Óskarsverðlaunatilnefningum sem hún hlaut. Niðurstaðan er því sú að The Descendents er mjög venjuleg mynd en á sama tíma afskaplega óvenjuleg og heillandi. **HEIMIR BERG**



WAR HORSE



Leikstjóri: Steven Spielberg

Aðalhlutverk: Peter Mullan, Emily Watson, Jeremy Irvine, Celine Buckens, Niels Arestrup

Það kemur höfundu á óvart að Steven Spielberg skuli hafa sett á sig silkihanskana þegar hann gerði War Horse því flestar þær kvikmyndir sem hann hefur gert um stríð og þá aðallega seinni heimsstyrjöldina hafa verið mjög kaldar og yfirleitt hefur hann ekki hikað við að splæsa í blóðugar og átakanlegar senur til að undirstrika ljótlega stríðsins. Í War Horse vantar kuldann og ljótlegann sem hefði getað verið gott mál og fín tilbreyting, enda skal það tekið fram að handritið er byggt á barnabók, en útkoman er þó ekki ásættanleg frá manni sem hefur á ferilsskránni Empire of the Sun og Schindler's List.

Myndin fjallar í stuttu máli um einn hest sem leiðir áhorfendur í gegnum alla myndina. Joey er sá hestur kallaður eftir að hann er keyptur á uppboði af bóndanum Ted (Peter Mullan) sem á ekki sjö dagana sæla með spúsu sinni Rose (Emily Watson). Sonur hans, Albert (Jeremy Irvine), tekur að sér það hlutverk að sjá um hestinn og ala hann upp og virðist hesturinn búa yfir einstökum krafti og miklum persónuleika sem svo á eftir að kom sér vel þegar hann gengur í gegnum hinar ýmsu raunir seinna í myndinni. Þegar stríðið brestur svo á af fullum krafti þá er hesturinn keyptur af liðsforingja í breska hernum gegn vilja Alberts sem er orðinn mjög náinn hestinum. Hesturinn leiðir svo áhorfendur í gegnum átök stríðsins og lendir í höndunum á hinum ýmsu persónum. Það er óþarfi að segja of mikið um þá framvindu en þó ber að nefna sérstaklega senurnar þar sem hesturinn lendir í höndunum á frönskum bónda og barnabarninu hans Emilie (Celine Buckens). Þær senur eru stórfenglegar og bera höfuð og herðar yfir aðrar senur myndarinnar og Niels Arestrup sem leikur afann sýnir að mínu mati stórleik.

Það þarf ekki að minnast á tæknivinnslu myndarinnar því hún er eins og við er að búast eins og best verður á kosið. Kvikmyndataka Janusz Kaminski ber þó þar af, en hún er með eindæmum áferðafalleg. Söguþráðurinn er þó því miður of léttur og þunnur. Það virðist vanta dýptina í handritið og vil ég ekki kenna því um að málleysingi heldur uppi myndinni að mestu leyti. Það er sorglegt að Spielberg, þessi mikli sagnameistari, skuli ekki geta fyllt upp í myndina með innihaldsríkari persónusköpun og innihaldsríkari söguþræði. Hugmyndin er góð og hesturinn leikur vel en það bara vantar þetta „eitthvað“ upp á. **RAGNAR TRAUSTI**

THE GRAND PRIX



Óskarsverðlaunin verða afhent undir lok mánaðarins í áttugasta og fjórða skipti. Af því tilefni settist ritstjórn niður með teikniblokkina og spáði fyrir um hverjir koma til með að taka gylltu styttuna í helstu flokkunum. Þetta verður eflaust allt vitlaust en það er líka allt í lagi, enda til gamans gert.




BESTA MYNDIN

The Artist
The Descendents
Extremely Loud & Incredibly Close
The Help

Hugo

Midnight In Paris
Moneyball
The Tree Of Life
War Horse

BESTI LEIKSTJÓRI



Michel Hazanavicius, The Artist
Alexander Payne, The Descendents
Martin Scorsese, Hugo
Woody Allen, Midnight In Paris
Terrence Malick, The Tree Of Life

Feitletraðir koma til með að vinna skv. ítarlegri og gríðar nákvæmri rannsókn ritstjórnar Kavalér.

BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI



Jean Dujardin, *The Artist*

George Clooney, *The Descendents*
Brad Pitt, *Moneyball*
Gary Oldman, *Tinker Tailor Soldier Spy*
Demián Bichir, *A Better Life*

BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

Glenn Glose, *Albert Nobbs*

Viola Davis, *The Help*

Rooney Mara, *The Girl With The Dragon Tattoo*
Michelle Williams, *My Week With Marylin*
Meryl Streep, *The Iron Lady*

BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI

Bénénice Bejo, *The Artist*

Jessica Chastain, *The Help*
Melissa McCarthy, *Bridesmaids*
Janet McTeer, *Albert Nobbs*
Octavia Spencer, *The Help*



Kenneth Branagh, *My Week With Marylin*
Jonah Hill, *Moneyball*
Nick Nolte, *Warrior*

Christopher Plummer, *Beginners*

Max von Sydow, *Extremely Loud & Incredibly Close*

BESTI LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI



AÐAL MAÐURINN Í ÁR

Frá Belfast í Norður Írlandi kemur **Kenneth Branagh** sem er tilnefndur sem besti karlkynsaukaleikari fyrir túlkun sína á Sir Laurence Olivier í kvikmyndinni *My week with Marilyn*. Branagh er að mæta í fimmta sinn á Óskarinn og enn á hann eftir að næla sér í styttuna gylltu. Hann er nú samt meiri töffari en aðrir kollegar sínir því engin af þessum fimm tilnefningum sem hann hefur hlotið er í sama floknum. Í alvöru!

Árið 1990, þá þrítugur að aldri, fékk hann sína fyrstu tilnefningu sem besti

karlkyns aðalleikari fyrir *Henry V*, en hann leikstýrði sjálfum sér í þeirri mynd og var einnig tilnefndur sem besti leikstjórinn. Þremur árum síðar gerði hann stuttmyndina *Swan Song* sem var tilnefnd sem besta stuttmynd ársins. Árið 1997 fékk hann svo tilnefningu fyrir besta handrit byggt á áður útgefnu efni fyrir myndina *Hamlet*. Í dag er hann svo tilnefndur eins og áður sagði sem besti leikari í aukahlutverki.

Hann á skilið að vinna - og Thule ef út í það er farið!

EF THE ARTIST VINNUR Í ÁR ÞÁ ER ÞAÐ Í
FYRSTA SKIPTI SÍÐAN 1929 (WINGS) SEM
ÞÖGUL MYND FÆR VERÐLAUN SEM BESTA MYND



VISSIR ÞÚ AÐ...

Marisa Tomei hlaut Óskarinn árið 1993 en vann víst ekki. Sá sem afhenti verðlaunin kallaði óvart upp rangt nafn og þóttu mistökin of vandræðaleg til að leiðrétta og hinn rétti sigurvegari var aldrei kunngerður.

Tónskáldið John Williams hefur verið tilnefndur 47 sinnum til Óskarsverðlauna fyrir bestu tónlist í kvikmynd. Í ár er hann tilnefndur fyrir vinnu sína við *Tinna* og *War Horse*.

Óskar hinn gyllti er gullhúðaður, en raunverulega er stytta samsett af tini, antímon og kopar, en ekki gulli eins og löngum hefur verið talið.

Anthony Quinn og Judi Dench hafa bæði hlotið verðlaun fyrir hlutverk þar sem þau sáust nánast í mýflugumynd á skjánum. Quinn var valinn besti aukaleikari árið 1956 fyrir hlutverk sitt í *Lust for Life*, og Dench fyrir hlutverk sitt í *Shakespeare in Love* árið 1999. Hún var einnig verðlaunuð fyrir aukahlutverk. Þau sáust bæði í 8 mínútur í myndum sínum.

NÍU RANDOM PUNKTAR UM ÓSKARSVERÐLAUNIN

**Í 21% tilvika
tekur ferilinn
hjá leikara sem
hlýtur Óskars-
verðlaun dýfu**

5% DEYJA FYRIR
ALDUR FRAM EFTIR
AÐ HAFA HLOTIÐ
ÓSKARINN

1 'streaker' hefur náð að trufla hátíðina
með því að hlaupa ber upp á svið

**Það kostar 500
dollara að búa til
eina stytta**

LORD OF THE
RINGS: THE
RETURN OF THE
KING VANN ALLA
11 FLOKKANA
SEM HÚN VAR
TILNEFND Í ÁRIÐ
2003

**Lengsta mynd
sem hefur unnið
sem besta mynd
er *Gone With the
Wind* en hún er
3.40 klst**

ÞRÍJÁR MYNDIR
HAFNA SÓPAÐ
HÁTÍÐINI
OG UNNIÐ
FIMM STÆRSTU
TILNEFNINGARNAR

(It happened one night, One
Flew Over the Cuckoo's Nest
og Silcene of the Lambs)

COLOR PURPLE
OG THE TURNING
POINT HLUTU 11
TILNEFNINGAR EN
UNNU EKKERT

Það hafa einungis 7
myndir verið verðlaun-
aðar fyrir besta leik
í bæði karl og kven-
hlutverki í sögunni

TÍU

BESTU MYNDIR SEM
UNNU EKKI

10. *King Kong* (1932) Tíu myndir
voru tilnefndar sem besta mynd.
Ekki King Kong

9. *Lilja 4-Ever* (2002) Ekki tilnefnd
í flokknum erlenda mynd ársins.

8. *Fargo* (1996) Stórgóð mynd en
tapaði fyrir *The English Patient*
sem er óútskýranlegt!

7. *M* (1931) Tímamótaverk í sögu
kvikmyndagerðar en náði ekki
augum nefndarinnar.

6. *The Exorcist* (1973) Grunar að
hún hafi ekki mátt vinna.

5. *Goodfellas* (1991) Tapaði fyrir
Dances with Wolves. Einn stór
skandall!

4. *Apocalypse Now* (1979) Yfir-
náttúrlega góð en tapaði fyrir
Kramer v.s Kramer!

3. *Vertigo* (1958) Ekki einu sinni
tilnefnd. Hitchcock fékk aldrei
stytta.

2. *City of God* (2002) Ekki tilnefnd.
Ekki einu sinni sem besta erlenda
myndin.

1. *The Shawshank Redemption*
(1994) Tilnefnd til sjö verðlauna
en vann engin.



HONDA

122T

HONDA

Tjäll motorhjäl

"bra"

Chinisa





avid Mucci er nafn sem hringir sennilega ekki mörgum bjöllum hjá lesendum Kavalér en okkur fannst hann vera að gera það magnaða hluti að við ákváðum að gefa ykkur örlítinn smjörþef af því sem hann fæst við í frístundum sínum.

David er ungur vöruhönnuður sem býr og starfar í Chicago. Áður en hann lauk námi sínu fyrir þremur árum tók hann kúrs þar sem skautað var yfir helstu atriði við hönnun mótorhjóla, og frá þeim tíma hefur hann verið heillaður af öllu því sem viðkemur uppbyggingu þeirra. Það var svo á síðasta ári sem hann ákvað loks að setja smá project í gang sem myndi auðvelda honum að komast á milli staða í borginni þar sem hann var orðinn þreyttur á samgöngumátum borgarinnar. Afraksturinn má m.a. sjá á þeim myndum sem hér fylgja.

Það sem hann gerði nákvæmlega var að kaupa illa farna en þó gangfæra '78 árgerð af Hondu CX500, strippa allt af og djassa upp á hana með sínu sniði. Hjólið kostaði heila 700 dollara og er ótrúlega, ótrúlega sexý að okkar mati eftir að David fór höndum sínum um það (takið eftir því að það er hvorki stefnuljós ná hraðamælir á því). Það sem okkur finnst þó merkilegast við allt þetta er sú staðreynd að Hondan er fyrsta mótorhjól sem hann hefur átt á ævinni. Það er í raun ótrúlegt miðað við árangurinn og ætti hann að geta stoltur rúllað á þessum gæðingi á milli kaffihúsanna í Chicago eitthvað á næstunni.

Fyrir áhugasama má benda á að hann keypti nýlega annað hjól, '81 Yamaha SR250, sem hann er að taka í gegn þessa dagana og hægt er að fylgjast með á heimasíðu hans. Þar er einnig hægt að sjá fleiri myndir af ferlinu á CX500 allt frá byrjun til enda auk fleiri hluta. Mælum með að fólk kíki á það www.moto-mucci.com



ENGINN
HRAÐAMÆLIR





GEGGJADIR
LITIR & RETRO
LEÐURSÆTI

Á EINHVER SÉNS Í OBAMA?

Hjalti Rögnvalds kynnti sér þá frambjóðendur sem þykja líklegastir til að taka slaginn fyrir repúblikana og veita Obama (vonandi) harða keppni í forsetakosningunum sem fara fram seinna á þessu ári.

Augu heimsins verða á Bandaríkjunum í haust, eins og svo oft áður. Tilefnið eru forsetakosningar. Bandaríkin hafa mjög sérstakt lýðræðiskerfi í kring um kosningarnar hjá sér en þar eru tveir stjórnmalaflokkar sem ráða lögum og lofum – Repúblíkanar og Demókratar. Repúblíkanar hafa alltaf verið taldir lengra til hægri og íhaldsamari þó svo Demókratarnir geti alls ekki talist vinstri sinnaðir. Þegar flokkarnir eru búnir að velja sína fulltrúa getur svo amerískur almúginn valið hvorn þeim lýst betur á. Vissulega hafa komið fram óháð framboð eins og t.d. Ralph Nader árið 2000 en þau hafa ekki komist með tærnar þar sem hin hafa hælana.

Síðast var kosið árið 2008 þegar Barack Obama vann öruggan sigur á John McCain. Obama kom inn og lofaði breytingum og fyllti Bandaríkjamenn von um bjartari tíma. Hann var mjög sniðugur, nýtti sér nýja miðla og virkjaði unga kjósendur mjög vel sem kom honum í forsetastólinn. Ekki skemmdi fyrir að pöpullinn var kominn með upp í kok af George W. Bush, Repúblíkana. Reyndar má líka færa rök fyrir því að þeir hafi eyðilagt fyrir sjálfum sér blessaðir, með handónýtum frambjóðendum. Nú hefur Obama verið við völd í rúm 3 ár og mörgum finnst hann ekki hafa staðið við þau loforð sem hann gaf. Repúblíkanar

eru örvæntingafullir og þá klæjar í puttana að koma sínum manni aftur til valda. En þá er bara spurningin, hver er rétti maðurinn til að fylkja sér á bakvið? Svo virðist sem að það stefni í fjögurra hesta hlaup, kíkjum aðeins á þá sem koma til greina.

RICK SANTORUM er lögfræðingur og hefur búið í Pennsylvania allt sitt líf og var meðal annars þingmaður fyrir hönd fylkisins frá 1995 til 2006. Hann er lögfræðingur að mennt og á 8 börn. Santorum er virkilega íhaldsamur og er m.a. mjög opinberlega gegn hjónabandi samkynhneigðra og fóstureyðingum.

Þá hefur hann sterkar skoðanir um Íran og finnst Bandaríkin ekki gera nóg til að stöðva kjarnorkuáætlun landsins. Til að byrja með var Santorum ekki talinn líklegur sigurvegari, en hann hefur sótt í sig veðrið síðustu mánuði og unnið m.a. stuðning í Iowa, Colorado og Minnesota. Persónulega vona ég að maður sem hefur sagt að „ef dóttur sín yrði ólétt eftir nauðgun þá væri það guðsgjöf“ verði aldrei talinn heppilegur forseti í hvaða landi sem er.

NEWT GINGRICH er gamall reynslubolti úr bandarísku pólitíkinni en hann var forseti fulltrúadeildar þingsins frá 1995-1999. Sjálfur er hann með doktorsgráðu í sagnfræði og með 3 hjónabönd á bakinu, þar af eitt með stærðfræðikennaranum sínum úr gagnfræðaskóla.

Það sem vinnur bæði með og gegn honum Newt karlinum, er reynslan og sagan. Hann hrökklaðist úr embætti eftir að hafa tapað nokkrum sætum í þingkosningunum 1999. Eins þykir það ekki vinsælt í röðum Repúblikana að vera með misheppnuð hjónabönd. Þá þykir hann duttlungafullur og fýlugjarn. Ég hef samt þá skoðun að Kaninn mun aldrei kjósa mann með nafn sem þeir geta ekki borið fram.

MITT ROMNEY hefur frá byrjun þótt líklegastur til að hreppa hnossið um að vera frambjóðandi Repúblikana í kosningunum. Hann er fyrrverandi ríkisstjóri Massachusetts. Eftir því sem ég kemst næst stóð hann sig ágætlega þar, minnkaði fjárlagahallann um 3 milljónir dollara og innleiddi sjúkra-tryggingakerfi fyrir alla íbúa. Hann er moldríkur vinurinn, en hann byggði upp fyrirtækið Bain Capital, sem er eitt auðugasta fjárfestingafélag Bandaríkjanna. Mitt Romney þykir frekar frjálsslyndur, og hefur meðal annars gefið í skyn að hann sé fylgjandi réttindum samkynhneigðra. Eins er hann mormónatrúar, en þetta gæti unnið gegn honum þar sem margir af heitustu Repúblikönnum eru kristnir. Engu að síður þykir hann snjall stjórnandi sem gæti náð að vinna yfir þá sem eru meira á miðjunni og þeirra sem eru óákveðnir um hvora fylkinguna þeir styðja.

RON PAUL er kafli útaf fyrir sig. Hann er 77 ára gamall læknir og hefur setið á þingi fyrir Texas frá 1979

„Ég hef samt þá skoðun að Kaninn mun aldrei kjósa mann með nafn sem þeir geta ekki borið fram.“

með hléum. Hann talar fyrir því að taka upp gullfót og að afnema Seðlabanka Bandaríkjanna (the Federal Reserve).

Þá er hann á móti hverskyns afskiptum ríkisins af hagkerfinu og er þeirrar skoðunnar að markaðurinn eigi að stjórna sér sjálfur. Þar að auki hefur Paul tekið sterka stöðu gegn hernum, sérstaklega gegn Íraksstríðinu, sem er frekar óvenjulegt í þeim flokk sem hann tilheyrir. Hann hefur unnið sér inn mikið fylgi hjá þeim sem eru lengst á hægri vængnum, þar sem hann talar um að lækka skatta og hefur lofað að það verði engar bankabjarganir líkt og gerðist haustið 2008. Þá er hann ötull stuðningsmaður þess að fólk hafi rétt til að eiga vopn. Að sama skapi er hann á móti fóstureyðingum en fylgjandi lögleiðingu maríjúana. Ron Paul á fullt af aðdáendum og mun vera mjög hávær þangað til yfir líkur.

Eins og staðan er í dag þykir Mitt Romney líklegastur samkvæmt skoðanakönnunum. Ron Paul hefur samt verið að vinna á og eins hefur Rick Santorum unnið nokkur fylki. En þessi barátta er bara fyrir útnefningar til frambjóðanda annars flokksins því svo er alvöru keppnin eftir. Sama hver stendur uppi sem sigurvegari að lokum skiptir miklu máli fyrir heimsbyggðina þannig við bíðum spennit!


6. NÓVEMBER
Forsetakosningarnar
í Bandaríkjunum

KAVALÉR GRÆJUR

Nokia Lumia 800 WP kemur í sölu innan skamms hér á landi og því kynnti símasjúklingur Kavalér sér hvað það er sem menn halda vart vatni yfir í höfuðstöðvunum í Helsinki.



Nokia Lumia WP 800 er væntanlegur til landsins á næstu vikum samkvæmt umboðsaðila finnska farsímaframleiðandans hér á landi. Það ríkir mikil eftirvænting eftir símanum enda vilja margir meina að um sé að ræða einn allra besta snjallsíma sem hefur komið á markað. Útlitslega svipar hann mjög til Nokia N9, síðasta síma sem Nokia sendi frá sér, og helstu eiginleikar þeirra eru nánast þeir sömu. Það er þó er ein risastór breyting sem vert er að nefna - nýtt stýrikerfi. Lumia WP 800 kemur nefnilega uppsettur með Windows Phone (Mango) stýrikerfinu frá Microsoft risanum sem til mikils er ætlast af á næstu árum og þykir það líklegt til þess að veita bæði Apple og Android harða keppni í nánustu framtíð. Má segja að Lumia sé eiginlega fyrsti alvöru síminn sem herji á þennan markað með þetta stýrikerfi að vopni. Er því nema von að menn bíði í ofvæni eftir símanum.



Hátalararnir á myndinni hérna til hliðar eru þeir fyrstu sem nýta svokallaða AirPlay tækni sem Apple kynnti fyrir ekki margt löngu síðan. Það er sennilega hægt að finna dokku fyrir Ipod á flestum heimilum, en með tilkomu Air-Play hátalaranna frá Loewe (og fleiri í kjölfarið) er það eitthvað græjumenn eru að fara að setja ofan í skúffu. Nú ýtir þú bara á play á Apple vörinni þinni (Ipad, Ipod, Iphone eða Macbook) og sendir tónlistina rակleidis í bestu hátalarana í húsinu. Og ef þú býrð svo vel að eiga fleiri en einn hátalara, þá getur þú valið hver þeirra þú vilt að spili tónlistina hverju sinni. Eins og svo margt annað í dag, þá eru þeir ekki gefins en stykkið er rándýrt - en töff engu að síður. www.loewe-uk.com



Síminn fór í sölu undir lok síðasta árs erlendis og hefur víðast hvar fengið góða dóma. Eins og áður segir er hann væntanlegur hingað til lands á næstu vikum og það sem við megum búast við er þetta. Hann er örítið stærri um sig en Iphone 4S en að sama skapi töluvert minni en Samsung Galaxy SII. 3.7 tommu AMOLED skjár með svokölluðu Gorilla gleri sem gerir það að verkum að nánast ógerlegt er að rispa hann. Hönnun símans þykir mjög falleg og lítið um „auka“ takka, eins og reyndar á N9. Innra minni símans er 16GB og vinnsluminni 512MB RAM. Myndavélin er standard 8MP, með Carl Zeiss linsu.

Í fljótri yfirferð lítur þessi sími ansi vel út en samkvæmt þeim vefmiðlum sem við skoðuðum þá voru þó flestir sammála því að einn helsti galli símans væri skortur á LED ljósi, en það hefur þann tilgang að blikka með skömmu millibili til þess að minna notendann á að hans bíði skilaboð eða eitthvað í þeim dúr. Lítur vel og og bíðum við í ofvæni eftir að fá hann í hendurnar og athuga hvaða möguleika Windows Phone er að koma með í partýið.

HELSTU EIGINLEIKAR

Stýrikerfi

Windows Phone (7)

Skjástærð

3.7"

Innbyggt minni

16GB

Myndavél

8 MP

Stærð

116.6 x 61.2 x 12.2 mm

Þyngd

142 gr

KAVALÉR GRÆJUR



LIQUIPEL - VATNSVÖRN FYRIR ALLAR GRÆJUR

Það eru til milljón mismunandi varnarhlífar fyrir símann þinn, en við leyfum okkur að efast um að það sé hægt að finna einhverja svalari en þessa. Liquipel hefur sent frá sér filmuhúð eins og sést á myndinni hér að ofan (eða sést reyndar ekki) sem leggst yfir alla símann og gerir hann vatnsheldann. Ástæðan fyrir því að þú sérð hana ekki á myndinni er sú að húðin sem þeir nota er 1000 sinnum þynnri en mannshár og því hefur hún hvorki áhrif á stærð né eiginleika símans.

Fyrirtækið ábyrgist að síminn verði algjörlega vatnsheldur á meðan húðin sé á honum, sem er gott því þeir ábyrgjast einnig að húðin endist líftíma hvaða tækis sem er. Ég segi hvaða tækis sem er því þessi húð hentar auðvitað líka á fleiri raftæki en snjallsíma.

Eina spurningin sem vaknaði hjá okkur er bara hvernig í ósköpunum maður á að fara að því að koma þessu á græjuna fyrst hún er svona þunn. liquipel.com

PENTAX K-01 MYNDAVÉL


Pentax K-01 vélin er 16 megapixla og getur tekið upp video í 1080p. Þá býr hún yfir CMOS ljósmyndanæmni (ISO 100 - 25600), og er með USB 2.0, HDMI og 3.5 mm audio tengjum. Það verður að viðurkennast að þessi myndavél vinnur sennilega seint einhver verðlaun fyrir gæði og í augum ljósmyndarans væri þetta sennilega aldrei annað en aukadót í hilluna.

Hún er stór, þung og frekar klunnaleg, stórir takkar á henni og allt útlit fyrir að hún sé að koma á markað tuttugu árum of seint, en samt sem áður langar okkur í hana! Það er ástalski

hönnuðurinn Marc Newson sem hannaði útlit vélarinnar að fullu, en myndavélin sjálf kemur þó frá Pentax framleiðandanum og því um alvöru græju að ræða. Hún er fánleg í svörtu, silfrudu og gulu, og ef þig langar í aðeins öðruvísi myndavél, þá þarftu ekki að leita lengra. www.marc-newson.com



VERTU MEÐ!



EF ÞÚ HEFUR ÁHUGA Á EINHVERJUM AF EFTIRFARANDI MÁLAFLOKKUM OG HEFUR STUNDUM EKKERT ROSALEGA MIKIÐ AÐ GERA, NÚ EÐA VANTAR BARA EITTHVAÐ ENN MEIRA AÐ GERA, ÞÁ VÆRI FRÁBÆRT AÐ FÁ AÐ HEYRA Í ÞÉR.

EINA SKILYRÐIÐ SEM VIÐ SETJUM ER AÐ FÓLK GETI SKRIFAÐ ALMENNILEGA ÍSLENSKU OG SÉ TILBÚIÐ TIL ÞESS AÐ MÆTA Í PARTY ÞEGAR VIÐ LYFTUM OKKUR UPP.

HÓÐU Í OKKUR...

KAVALER@KAVALER.IS EÐA Á [FACEBOOK](#)

KVIKMYNDIR

Ertu kvikmyndanörd? Fílaru bara japanskar anime kvikmyndir eða franska ný-rómantík? Hollywood sökker? Hvað sem það er, þá viljum við heyra í þér.

TÍSKA

Okkur vantar sárlega hjálp frá einhverjum sem er algjörlega með'idda þegar kemur að nýjustu tísku, ráðleggingum og straumum frá heitustu tískupöllum.

TÖLVULEIKIR

Ef þú spilar eitthvað annað en Tetris að staðaldri og kannt að skrifa meira en /cmd skipanir í Windows þá ertu löggiltur tölvuleikjasérfræðingur í okkar augum.

TÓNLIST

Ertu að grúska í nýjustu tónunum heima hjá þér? Ertu kannski í gamla stöffinu? Það skiptir okkur engu máli svo lengi sem það sé gott. Hóaðu í okkur.

ÍÞRÓTTIR

Viltu skrifa um fótboltann? Finnst þér kannski of lítið fjallað um eitthvað sport? Hafðu samband og sjáum til hvað við getum gert.

BÍLAR

Hefur þú áhuga á bílum og vilt koma því frá þér á einhvern hátt? Langar þig kannski til að reynsluaka flottustu bílum bæjarins?

MATUR & DRYKKIR

Geturu ekki hætt að skoða matarblogg? Ertu kannski með matarblogg? Við viljum ólm fá að heyra í einhverjum sem elskar að standa í eldhúsinu.

FRÉTTIR & PÓLITÍK

Langar þig að koma skoðunum þín frá þér varðandi það sem er að gerast í þjóðfélaginu? Í heimsmálunum? Þá er Kavalér rétti vettvangurinn.

TÆKNI & GRÆJUR

Einhver sem er með puttana á púlsinum hvað varðar nýjustu fréttir úr tæknibransanum og getur ekki hætt að fikta í tökkunum. Græjumenn sameinist hér.

Nº6

12.mars